



STAFNBÚI

Tímarit nema á Auðlindasviði Háskólans á Akureyri 2008 • 15. árgangur

2008



Njóttu lífsins með heilbrigðum lífsstíl

KEA-skyr er frábær hollustuvara sem einungis er unnin úr náttúrulegum hráefnum. KEA-skyr er einstaklega næringarrikt, það inniheldur hágæða prótein og er fitulaust.

KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



FEGURÐ • HREYSTI • HOLLUSTA

Ritstjórnarpistill

Viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri tók til starfa haustið 2006. Deildin byggir á grunni þriggja fræðasviða, þ.e. viðskiptafræða, auðlindafræða og tölunarfræða. Blaðið Stafnbúi er gefið út af útskriftarnemum Auðlindasviðsins. Það skiptist svo niður í líftækibraut, sjávarútvegs- og fiskeldisbraut og umhverfis- og orkubraut. Við viðskipta- og raunvísindadeild eru um 440 nemendur og af þeim eru um 80 í auðlindafræðum. Núna á vordögum munu útskrifast um 20 nemendur með B.Sc. Að þessu sinni eru flestir útskriftarnemar í líftækni eða 12 nemar.

Í stuttu máli er líftækni skilgreind sem tækni þar sem frumur, frumuhlutar eða lífefni eru notuð í ðeñaði, framleiðslu og þjónustu. Því kemur líftæknin inn á mörg svið, eins og erfðaverkfræði, sam-eindaverkfræði, ónæmisfræði, örverufræði, frumulíffræði og fleira. Nám á sjávarútvegs- og fiskeldisbraut er viðtækt og gefur haldgóða undirstöðu í raunvísindum og greinum sem tengjast stjórnun, rekstri og tækni. Að lokum er nám í umhverfis- og orkufræðum almennt grunnnám í náttúruvísindum með mismunandi áherslum á orkumál eða umhverfisfræði.

Í þessu merka blaði er reynt að koma viða við og koma inn á flest svið auðlindafræðanna. Blaðið kemur nú út í fimmtanda sinn og birtist í sinni venjulegu mynd, þó ber það augljóslega merki þess að konur eru nú í fyrsta sinn í meirihluta útskriftarnema og því til heiðurs er þema blaðsins bleikt í ár.



Útskriftarnemar Auðlindasviðs 2008 (staðarnemar).

Stafnbúi vill koma á framfæri innilegum þökkum til greinahöfunda og styrktaraðila sem gerðu útgáfu þessa blaðs að veruleika. Enn fremur hlaut útgáfan styrk úr Verkefnasjóði um styrk Akureyrarbæjar til Háskólans á Akureyri, og þökkum við kærlega fyrir þá viðurkenningu.

*Eydís Elva Þórarinsdóttir, Haraldur Bergvinsson,
Kolbeinn Aðalsteinsson, Kristjana Hákonardóttir,
Laufey Hrólfssdóttir, Máney Sveinsdóttir, Vordís Baldursdóttir*

Efnisyfirlit

Ávarp forseta: Nemendafélagið Stafnbúi.....	4
Verkefni á sviði öryggi matvæla hjá Matís:	
Um Matís	6
Af hverju hefur þorskaflinn minnkað?	10
Haf- og strandsvæðastjórnun:	
Meistarnám við Háskólastetur Vestfjarða.....	18
RES: Orkuskóli	20
Tengiltvinnbíll, hvað er nú það?	22
Áður óþekktar bakteríur í sambýli með íslenskum fléttum?	24
Þróun fiskneyslu: Hafið, vanmetin matarkista	26
Frumkvæði VSV í rannsóknum og markaðssetningu á humri	30
Stofnfrumurannsóknir	32
BioPol ehf. – Sjávarlíftækniður á Skagaströnd	34
Útskriftarnemar	38

Ferðanefnd: Eydis Elva Þórarinsdóttir, Haraldur Bergvinsson, Kolbeinn Aðalsteinsson, Kristjana Hákonardóttir, Laufey Hrólfssdóttir, Máney Sveinsdóttir, Vordís Baldursdóttir

Útgefandi: Stafnbúi, félag viðskipta- og raunvísindadeilda, Auðlindasvið við Háskólann á Akureyri

Forsíðumynd: Erlendur Bogason **Umbrot:** Margrét Káradóttir **Prentun:** Ásprent - Stíll



Ávarp forseta:

Nemendafélagið Stafnbúi

„Hermaður sem rúm átti í stafni skips, sæmdarstaða“ - Setning bessi sést þegar flett er upp orðinu Stafnbúi í orðabók. Stafnbúi er einmitt nafn nemendafélags Auðlindarnema við Háskólan á Akureyri. Félagið Stafnbúi var stofnað árið 1990 á sama tíma og Sjávarútvegsdeild HA. Stafnbúi sá um hagsmuni sem og skipulag félagslífs Sjávarútvegsnema. Siðar gerðist það að Umhverfis- og Líftæknideild voru sameinuð undir eina deild ásamt Sjávarútvegsfræðinni og það var undir nafni Auðlindadeilda.

Í raun er Auðlindadeild ekki lengur til, þar sem að innri stoðir deildarinnar voru endurskipulagðar árið 2006. Þá voru Viðskiptadeild og Auðlindadeild sameinuð í Viðskipta- og Raunvísindadeild. Félagsmenn í Stafnbúa telja þó að einfaldast sé að útskýra hvernig námi þeirra sé hártað á þá vegu að þeir séu að leggja stund á nám við Auðlindadeild Háskólangs þar sem að nafnið segi allt sem segja þarf.

Markmið félagsins er að viðhalda sterki ímynd þess, tryggja hagsmuni félagsmanna, standa að góðu félagslífi og efla tengsl nemenda við atvinnulífið. Sannað þykir að félagsmenn Stafnbúa séu einstaklega samheldnir bæði í leik og starfi. Til að mynda getum við í Stafnbúa státað okkur af því að um helmingur nemenda tekur þátt í starfi félagsins en einungis um túró present nemenda hjá öðrum deildum. Þrátt fyrir mikla þátttöku í félagslífinu sem felst oftar en ekki í vísindalegum tilraunum á innihaldi mjaðar, þá hafa Stafnbúar ávallt verið framúrskarandi nemendur. Það má því vel vera að þessi mikla samheldni og hjálpssemi sem virðist einkenna Stafnbúa skili sér beint í námsframvindu þeirra.

Nú í haust fór félagsstarf mjög vel af stað þar sem skóla-árið hófst á því að tekið var á móti nýnemum deildarinnar. Farið var út að borða og fór fram létt kynning á starfi félagsins. Síðan tók skemmtun að hætti Stafnbúa við. Þar var þeim einnig kennt að skála að hætti Stafnbúa, það er að skála nógu oft, hátt og skýrt fyrir sínumum. Uppluni þessarar hefðar er kominn frá þeim sem lögðu stund á

nám við Sjávarútvegsdeildina í upphafi. Þar voru karlmenn einu nemendurnir og þegar lokur kom að því að kvenmenn skráðu sig til náms í deildina, þá varð gleði þeirra það mikil að þeir ákváðu að skála fyrir þeim á þennan viðeigandi hátt.

Fleiri stórir atburðir hafa verið haldnir á skólaárinu og má þar nefna Sprellmót FSHA sem er einn stærsti viðburður skólaársins. Úrslitin voru Stafnbúa ekki hlíðholl í ár þó svo að aðrar skýringar kunni að liggja að baki. Dorgveiðimótið var haldið við góðar undirtektir, og má þar nefna veiðarfæri á borð við djúpsjávarsprengju, trollbíl, línuküst, golfkylfur og fleiri fyrirbæri sem smíðuð voru af nemendum.

Tengslum við atvinnulífið er síðan aftur á móti haldið við með vísindaferðum og heimsóknum í fyrtækni sem að tengjast okkar atvinnusviði. Þannig höfum við farið í mörg fyrtækni t.d Samherja, Þormóð ramma (Sæberg), Primex, Kaupbing, KEA og á stefnuskránni eru ferðir í Norðurorku, Kalda og Saga Capital. Einnig stendur yfir skipulagning á vísindaferðum til höfuðborgarsvæðisins.

Skipulag hefur verið með eindænum gott og vonar stjórn Stafnbúa að það skili sér í aukinni fræðslu sem og skemmtun til nemenda okkar. Taka má fram að nemendur félagsins hafa verið dugmiklir aðstoðarmenn á kynningum á vegum háskólangs og kappkosta að kynna nám sitt eftir bestu getu.

Ekki má gleyma aðalviðburði félagsins, aðalfundinum. Þar hittist stærstur hluti félagsmanna í sínu fínasta pússi, snæða 5 stjörnu málsværð og fá sér jafnvel mjólkurdropa á meðan kosið er í nýja stjórn félagsins fyrir komandi skólaár.

Stafnbúi heldur úti vefsíðu sem er notuð til þess að miðla upplýsingum til félagsmanna. Þar má finna fréttir, myndaalbúm, reglugerðir o.fl. Veffang síðunnar er www.stafnbui.fsha.is

Jón Ingi Björnsson
Forseti Stafnbúa



Byrjaðu strax að spara

– með Og1 þjónustu Vodafone



GSM

- 0 kr. heim – 60 mín. á dag
- 0 kr. í vin í Útlöndum – 120 mín. á mánuði í heimasíma
- 0 kr. í GSM vin – 60 min. á dag og 30 SMS

ADSL*

- 12 Mb/s ADSL plús og ótakmarkað niðurhal á 6.490 kr.
- 8 Mb/s ADSL plús og ótakmarkað niðurhal á 5.460 kr.
- 6 Mb/s ADSL plús og 2 GB niðurhal fyrir 4.360 kr.
- 1 Mb/s ADSL plús og 1 GB niðurhal fyrir 3.260 kr.

*ADSL hraði miðast við þjónustusvæði Vodafone

Heimasími

- 0 kr. í alla heimasíma á Íslandi
- 0 kr. í eitt heimasímanúmer í Útlöndum
- 0 kr. í GSM vin – 60 mín. á dag

Sjónvarp – Mörkin í símann

- Enska boltinn í símann á 0 kr.
- Meistaradeildin í símann á 0 kr.

Nú borgar sig að talal!

Viðskiptavinir í Og1 greiða ekkert fyrir símtöl úr heimasíma í heimasíma innanlands, óháð því hvaða símafyrirtæki númerið sem hringt er í tilheyrir.

Komdu við í verslun Vodafone Glerártorgi.

Gríptu augnablikid og lifðu núna

Verkefni á sviði öryggis matvæla hjá Matís

Um Matís

Hlutafélagið Matís eða Matvælarannsóknir Íslands ohf tók til starfa þann 1. janúar 2007. Í fyrirtækinu, sem er hlutafélag í eigu ríkisins, sameinuðust þjár ríkisstofnanir sem unnið höfðu að matvælarannsóknum og þróun í tengslum við matvælaiðnað. Þetta voru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf), Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar (RUST). Auk þess eru fyrirtækin Prokaria og Iceprotein sem voru í eigu Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins hluti af Matís. Markmið stofnunarinnar er að efla alþjóðlega samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu, stuðla að hollustu og öryggi matvæla, styðja við vísindastarfsemi háskólastofnana og sinna samfélagslegum skyldum gagnvart einstökum atvinnugreinum. Starfsemi Matís er á sjö stöðum á landinu.

Á Akureyri er Matís með starfsemi í Rannsóknarhúsinu að Borgum þar sem Rf var áður með aðstöðu. Þar hafði Rf um árabil verið með öfluga starfsemi og rannsóknir á sviði fiskeldis í samstarfi við Háskólanum á Akureyri ásamt fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu. Með tilkomu Matís hefur starfsemin verið eflað til muna og nýtt svið stofnað er lýtur að rannsóknum og mælingum á lífrænum aðskotaefnum í matvælum s.s. PCB efnum og varnarefnum (skordýraeftri og illgresiseyðum). Þetta nýja svið efnarannsókna er í samræmi við eitt af hlutverkum Matís, þ.e. að stuðla að öryggi og heilnæmi matvæla.

Helstu verkefni sem unnin eru á sviði öryggis og heilnæmis á Akureyri eru: Vöktun aðskotaefna í sjávarfangi, Varnarefnamælingar á ávöxtum og grænmeti og þorskverkefnið; Grandskoðum þann gula frá miðum í maga.

Varnarefnamælingar í ávöxtum og grænmeti

Varnarefnamælingar á ávöxtum og grænmeti voru áður framkvæmdar af RUST eða allt frá árinu 1991. Eftirlit með varnarefnum er lögbundið og í samræmi við reglugerð ESB sem Ísland, sem aðili að EES, er skuldbundið að fara eftir. Varnarefni eru efni sem notuð eru við ræktun og geymslu matvæla, svo sem ávaxta, grænmetis og kornvara, til að draga úr eða koma í veg fyrir skaða af völdum illgresis, sveppa og meindýra. Til varnarefna teljast plöntulýf (skordýra- og sveppaeitur), illgresiseyðar og stýriefni.

Mæld eru yfir 300 sýni árlega og skimað fyrir um 50 tegundum varnarefna. Varnarefnamælingarnar eru faggiltar sem þyðir, að uppfylla þarf háa gæðastaðla og hafa efnarannsóknarstofa Matís á Akureyri og greiningaraðferðir verið teknar út af fagaðilum. Það er stefna Matís að sem flestar efna- og örverumælingar fái faggildingu


sem í leiðinni er gæðastimpill á starfsemina og opnar leiðir til aukinnar samvinnu við aðrar rannsóknarstofnanir bæði hérlendis og erlendis. Frá því að mælingar hófust hefur fjöldi íslenskra sýna sem mælast með varnarefni yfir leyfilegum mörkum farið minnkandi. Á árunum 1998 - 2000 voru 2% íslenskra sýna yfir hámarksgildum. Árin 2001, 2002, 2004 og 2005 voru engin íslensk sýni yfir hámarksgildum en eitt íslenskt sýni greindist yfir hámarksgildum árið 2003.

Virkta eftirlit með varnarefnum er ekki einungis nauðsynlegt til þess að tryggja öryggi matvæla heldur einnig nauðsynlegur þáttur í því að stuðla að minni notkun skaðlegra efna í ræktun og aðhald í því að finna önnur efni sem eru ekki skaðleg en gera sama gagn. Það er löngu ljóst að ræktun án þess að til komi einhver notkun varnarefna er ekki möguleg. Mynd 1 sýnir hvernig þróunin hefur verið frá 1992 til 2005.

Aukin krafa er um að fjölga þeim efnum sem skimað er fyrir. Flestar stærri rannsóknarstofur erlendis skima fyrir 2-300 varnarefnum. Til þess að slíkt sé kleift þarf að koma til enn frekari uppbygging rannsóknarstofunnar og er það næsta verkefni Matís á Akureyri.

Vöktun aðskotaefna í sjávarafurðum

Vöktun aðskotaefna í sjávarafurðum er verkefni sem hófst hjá Rf árið 2003. Í verkefninu er í fyrsta sinn safnað kerfisbundið upplýsingum um mörg mengunarefni í algengustu og verðmætustu fisktegundum Íslendinga, auk fiskimjöls og lýsis. Aðskotaefni sem mæld eru: Díoxín og díoxínlík PCB, bendi PCB, þrávirk varnarefni, þungmálmar, PAH, TBT, PBDE og fleiri efni. Þessar upplýsingar eru uppiptaðan í gagna-grunni sem verið er að byggja upp og mun í framtíðinni verða opinn öllum í gegnum heimasíðu Matís. Niðurstöðurnar nýtast nú þegar til þess að markaðssetja íslenskar sjávarafurðir og sýna fram á



Heimild: Skýrsla Umhverfisstofnunar, UST-2006:11



*Vel valið hráefni
Aldagömul aðferð*

VÍKING




heilnæmi íslenska fisksins. Það er mjög mikilvægt fyrir Íslendinga að geta haft áhrif á ákvörðun um leyfileg hámarksgildi hinna ýmsu mengunarefna hjá ESB og geta miklir viðskiptahagsmunir verið í húfi. Til þess að það megi verða þarf að sýna fram á rannsóknir og mælingar á bakgrunnsgildum viðkomandi efna í okkar afurðum. Loks má geta þess að niðurstöðurnar eru notaðar í áhættumat sem ESB leggur mikla áherslu á. Á mynd 2 má sjá magn Díoxíns í nokkrum fisktegundum.

Niðurstöður mælinga sýna fram á að íslenskar sjávarafurðir innihalda mjög lítið af aðskotaefnum miðað við þau mörk sem í gildi eru og yfirleitt mælist íslenskur fiskur með minna af þessum efnunum en fiskur frá öðrum Evrópulöndum. Þó er nauðsynlegt að fylgjast vel með magni t.d. Díoxíns í fiskimjöli og lýsi þar sem magn þess getur á vissum tínum mælst nálægt mörkum.

Lokaorð

Samstarf Matís og Auðlindadeilda áður og nú Raunvísindadeilda Háskólangs á Akureyri hefur verið mikilvægt í þeirri uppbryggingu sem átt hefur sér stað. Nemendur hafa unnið lokaverkefni til B. Sc. prófs og M. Sc. prófs á sviði öryggis og heilnæmis sem og á sviði fiskeldis og hafa þannig lagt sitt af mörkum í verkefnum þeim sem stofnunin



er að fást við. Það er stefna Matís að halda áfram að bjóða nemendum HA upp á verðug viðfangsefni til lokaprófs og að styrkja samstarfið við HA báðum aðilum til hagsbóta.

Heimildir:

Grímur Ólafsson 2006. Eftirlit með varnarefnum í matvælum 2005. Skýrsla umhverfisstofnunar UST-2006:11.

Ásta M. Ásmundsdóttir 2006. Undesirable substances in seafood products - results from the monitoring activities in 2005. Skýrsla Rf 20-06.

Okkar rannsóknir allra hagur

www.matis.is



Spennandi starfs- vettvangur

Matís er matvælafyrirtæki sem hefur það að markmiði að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða, bæta lýðheilsu, tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu.

Hjá Matís starfar vel menntað fólk af ólíkum sviðum; verkfræðingar, matvælafraðingar, líffræðingar, efnafraðingar og sjávarútvegsfræðingar.

Matís er spennandi starfsvettvangur fyrir nemendur af raunvísindadeild Háskólangs á Akureyri. Við bjóðum nemendum einnig að vinna að áhugaverðum lokaverkefnum í samvinnu við fyrirtækið.

Matís ohf.

Skúlagata 4
101 Reykjavík

DÓTAKASSÍNN

Kaupvangsstræti 4 - Sími 462 7755



Nýr Autobaby II, Logico S + Base

Er nýr ung barnabilstóll fyrir bōrn frá 0-13 kg. Er dýpri, fyrir stærri bōrn, með hærri hliðarvörn og með stærri skerm. Skermur er færanlegur fram og aftur. Sætið er vel bólstrað og með ung barnainnleggji. Læsing og ólar eru með plóðum. Er nýtanlegur sem bílstóll, burðarstóll og ruggustóll. Stillanlegt gripgott handfang. Áklæði má taka af og þvo á 40°.

Festa má stólinn á allar GRACO kerrur.

Standur (Base) er hæðarstillanlegur. Verð 19.990



Cosmic XTP

Er barnabilstóll fyrir bōrn frá 0-25 kg. Má snúa baki í akstursstefnu frá 0-18 kg. og í akstursstefnu frá 9 til 25 kg. Er með hámarks hliðarvörn, hækkanlegum höfuðpúða, ólar- og smellupúða og 5 punkta öryggisbelti. Handhæg sætisstilling, án þess að taka barnið úr stólnum. Er bæði fyrir 3ja og 2ja punkta bílbelti. Áklæði má taka af og þvo.

Umferðarstofa mælir með þessum stól. Verð 29.990,-


Af hverju hefur þorskaflinn minnkað?

Ástand þorkstofnsins

Þorskaflinn við Ísland hefur eins og 1. mynd sýnir minnkað úr meira en 500 þús tonnum fyrir hálfri öld síðan í 130 þúsund tonn á næsta ári (Hafrannsóknarstofnun 2007). Aflinn er sveiflukenndur en ekkert bendir til þess að dregið hafi úr þessari stöðugu aflaminnkun á síðustu árum t.d. vegna kvótakerfisins. Annarrar og þriðju gráðu spáferlar sýna þvert á móti hraðari minnkun á síðustu árum og þriðju gráðu spáferillinn spáir því að aflinn verður orðinn að nálli eftir aðeins 10 ár.

Fyrirskipuð aflaminnkun á næsta ári er væntanlega í þeim tilgangi að minnka sóknina og byggja upp stofninn en það er ekki almenna ástæðan fyrir aflaminnkuninni á mynd 1. Meðalsókn hefur farið vaxandi nema á síðustu árum og stofninn hefur því minnkað enn hraðar en aflinn. Yfirleitt hafa menn því fremur verið að elta stofnminnkunina en að reyna að komast fyrir hana. Svarið við titilspurningu er þá að aflinn hafi minnkað því að stofninn hefur minnkað vegna ofveiði. Skaðinn af þeiri ofveiði er gífurlegur því þorskstofninn er langstærsta náttúruauðlind Íslands, margfalt stærri auðlind en allar orkuauðlindir landsins til saman, a.m.k. eins og Landsvirkjun verðleggur þær.

Það er óvist að spáin á mynd 1 rætist en líklegast er samt að haldið verði áfram á sömu braut (spáferlunum) að elta stofnminnkunina þar til veiðum er sjálflhætt. Fáir vilja að dregið sé úr veiðunum meira en það og auknar veiðar eiga sér háværustu fylgismennina:




Mynd 1. Þorskaflinn síðastliðin 55 ár.

Þeirri stefnu hefur verið fylgt í Færeyjum, sérstaklega á þessari öld og ástand þorkstofnsins þar sést á mynd 2 (NWWG 2007).

Fiskifræðingar í Færeyjum hafa metið nýliðun ársins (2007) sem 1.57 milljón tveggja ára fiska þ.e. sögulegt lágmark og afrakstur ársins eða heildaraflí á komandi árum úr þessum árgangi (2005) er þá um 2 þúsund tonn!! Það var ekki mikið, en lítum nánar á afrakstur íslenska þorskstofnsins.

Afrakstur þorkstofnsins

Afraksturinn þorskstofnsins flöktrir mikið en ljóst er af mynd 3 að meðal-afrakstur hefur minnkað úr nærrí 400 þúsund tonnum á ári í vel niður fyrir 200 þús tonn. Varðandi afraksturinn í ár er enn ekki vitað nákvæmlega hversu margir og hversu þungir þorskarnir verða um næstu áramót. Hér eru sýndar tölur Hafró sem ofmetur nánast alltaf stofnstærð næsta árs og þar með þá afrakstur ársins. Afraksturinn hefur minnkað hratt síðan árið 2000 og í ár verður hann samkvæmt tölum Hafró sá næstminnsti sem mælst hefur þessa hálfu öld. Hann gæti reyndar orðið sá minnsti þegar upp er staðið og í öllu falli voru það sérstakar aðstæður sem réðu því að afraksturinn 1989 varð sá minnsti hingað til þrátt fyrir að stofnmælingin hefði mælt þokkalega nýliðun. Afrakstur táknað mögulegan afla fremur en raunverulegan. Ef afrakstur stofnsins er 125 þús tonn, eins og Hafró telur að hann verði, er hægt



Mynd 2. Nýliðun þorskstofnsins á Landgrunni Færeysja.

FUNDUSKULLA
Háskólinn á Akureyri
Háskólinn á Akureyri
Háskólinn á Akureyri



AUÐLINDAFRÆÐI

Háskólinn á Akureyri er ein helsta kennslu- og rannsóknarstofnun á svíði auðlindafræða í landinu og á því fræðasviði er boðið upp á eftirfarandi nám:

Sjávarútvegsfræði

Sjávarútvegur er alþjóðleg atvinnugrein og spennandi starfsvettvangur fyrir þá sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi verkefni í margbrotnu starfsumhverfi. Nám í sjávarútvegsfræði gefur nemendum þverfaglega þekkingu á flestum þáttum í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og hliðstæðum fyrirtækjum. Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og fiskeldi.



Liftækni

Nám í liftækni einkennist af sérhæfðum námskeiðum á svíði auðlindaliftækni og viðskiptagreinum. Með slíkri sampættingu er markmiðið að gera nemendur eftirsóttu til starfa á ýmsum svíðum í hinu alþjóðlega starfsumhverfi liftækninnar, svo sem í matvælaiðnaði, við auðlindanýtingu, við leit að lausnum á umhverfisvandamálum og við ýmis verkefni á svíði heilbrigðismála.



Umhverfis- og orkufræði


Námið er grunnnám í náttúruvísdum með áherslu á annars vegar umhverfisgreinar, svo sem efna- og vistfræðilega þætti, vatnafræði og gæði vatns, áhrif mengunar á umhverfi, auðlindanýtingu og auðlindastjórnun, umhverfismat og umhverfisskipulag, en hins vegar á orkugreinar, svo sem nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, t.d. jarðvarma, vatnsafl, sólarorku, vindorku og sjávarfallaorku. Markmið námsins er að nemendur þekki til helstu ferla í náttúrunni og áhrif þjóðfélagsins á umhverfi sitt.



Viðskipta- og
raunvisindadeild
Borgir v/Norðurslóð
600 Akureyri
Sími: 460 8000
www.unak.is

Glæsileg aðstaða til kennslu og rannsókna í raunvísdum

Kennsla í auðlindafræðum fer að mestu fram í nýju rannsóknahúsi á Borgum. Þar eru vel tækjum búnar rannsóknastofur og sérútbúnar kennslustofur til verklegs náms á svíðum auðlindafræðanna.



Mynd 3. Afrakstur þorskstofnsins síðastliðin 50 ár.

að veiða 125 þús tonn á árinu án þess að stofninn minnki milli síðustu og næstu áramóta. Sé hinsvegar ekkert veitt þá stækkar stofninn á árinu og reyndar nokkuð meira en um 125 þús tonn. Þó að um 10% af þessum þorskum sem hætt var við að veiða dreipist af náttúrulegum orsökum, gerir vöxtur hinna 90% meira en að bæta það upp. Afrakstur ársins er því skilgreindur hér sem afli að viðbættum stærsta hluta (87%) af stofnstækkun ársins.


Veit verður mun meira en 125 þúsund tonn á þessu ári (því marki var náð í ágúst) svo stofninn mun minnka á árinu um ein 70 þúsund tonn og næsta aflamark samsvarandi. Minnkunin gæti reyndar orðið mun meiri þurfi Hafró að vanda að leiðréttá árlegt ofmat á stofni ársins og sérstaklega stofni næsta árs. Á móti kemur þó hér að afflinn í ár verður líklega talsvert minni en Hafró reiknaði með. Skoðum nánar af hverju afrakstur þorskstofnsins hefur minnkað.

Samband afraksturs og stofnstærðar

Síðustu 4 áratugi hefur afraksturinn minnkað í beinu hlutfalli við minnkandi stofnstærð. Til að auka afraksturinn þarf því fyrst og fremst að stækka stofninn. Mynd 4 sýnir að meðalafrakstur er 27% af stofnstærðinni og stofninn þolir ekki hærra veiðihlutfall en það. Til að auka afraksturinn þarf vafalaust líka að draga úr loðnuveiðum þó að það verði ekki skoðað hér. Ljóst er líka af eldri gögnum að verði stofninn mjög stór minnkar afraksturinn. Mynd 4 sýnir að án veiða verður stofninn um 3.7 milljónir tonna, þegar hann hefur náð þeirri stærð gefur hann ekkert af sér.

Gordon - Schaefer afraksturslíkanið

Í fiskihagfræði er mikið notað ofureinfalt afraksturslíkan, Gordon - Schaefer líkanið (1954) sem segir að að meðalafraksturinn sé fleygboga fall af stofnstærðinni (og líka sókninni). Það er ekki að sjá af myndinni að afrakstur þorskstofnsins sé í neinu ósamræmi við það líkan en árlegt flökt er mikið. Hámarksafrakstur er 400 þúsund tonn



Mynd 4. Samband afraksturs og stærðar þorskstofnsins.


og hann fæst við stofnstærð rétt tæplega 2 milljóna tonna. Kjörstærð mundi þá vera rétt yfir 2 milljónum tonna.

Samkvæmt líkaninu og mynd 5 er meðalafraksturinn 20% af stofnstærðinni við kjörstærð og ætti þá að vera 30 - 35% af stofnstærðinni sé hún milli 1 og 0.5 milljón tonn. Síðan 1990 þegar stofnstærðin hefur alltaf verið innan við 1 milljón tonn hefur meðalafraksturinn að visu ekki náð því hlutfalli af stofnstærðinni en hefur þó ekki verið fjarri því. Líkanið sýnir því ekki ógögjandi fram á að það sé neitt annað en stofnstærðin (fæðuskortur, erfðabreytingar, loftslagsbreytingar eða ástand sjávar) sem takmarkar nú afrakstursgetu þorskstofnsins en þó gæti það alveg verið.

Uppbygging þorskstofnsins gengur því hægar sem afraksturinn er minni og hann byrjar ekki að vaxa fyrr en fjölmörgum eða 6 árum eftir að búið er að stækka stofninn. Því verður ekki hlaupið að því að fjórfalda stærð þorskstofnsins upp í kjörstærð til að auka afraksturinn í 400 þúsund tonn.

Kjörsókn þ.e. hámrökun arðsins

Það er ekki einu sinni gefið að þorskstofninn þoli svo mikla sókn



Mynd 5. Samband afraksturs og stærðar þorskstofnsins.

sem umrædd kjörsókn er án þess að tapa þeim eiginleikum sem hafa gert hann að stærri auðlind en aðrir stofnar eru. Fiskifræðingar ráðleggja margfalda kjörsókn og telja greinilega að stofninn þoli það. Ráðherra telur eins og sjómenn ljóst að stofninn þoli enn meiri sókn en Hafró ráðleggur. En samkvæmt Gordon - Schaefer líkani nægir rétt rúmlega tvöföld kjörsókn til að útrýma fiskinum. Þótt líkanið sé ofureinfalt höfum við ekkert betra og mynd 5 gefur enga ástæðu til að efast um þá niðurstöðu að tvöföld kjörsókn útrými þorskinum.

Engin ástæða er til að sækja framyfir kjörsókn. Það minnkar ágóðann og ef sóknin er meiri en kjörsókn eða stofnstærðin minni en kjörstærð þá er hagkvæmara að veiða fiskinn ekki en að veiða hann. Það er nokkuð augljóst og sama niðurstaða kom fram í nýlegri skýrslu um þorskveiðarnar frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Eina sem gæti verið vafaatriði er hver kjörsóknin sé í raun og veru þegar allt er tekið með í reikninginn. Ekki samt fyrir þorskinn sem hvorki étur né er étinn af verðmætari fiskum en hann er sjálfur. Kjörsókn er háð náttúrulegu dánartölunni sem hugsanlega er og hefur alltaf verið hærri en viðtekið gildi 0.2. Þá er stofninn, nýliðunin og kjörstærð hans stærri, en sóknin og kjörsóknin er þá minni en hér er reiknað með.

Hvert kg sem skilið er eftir í sjónum í ár stækkar þorskstofninn næstu áramót um meira en 1 kg og afraksturinn um 0.3 kg strax á næsta ári og í framtíðinni. Þorskur í sjó er þannig eins og peningur í banka á 30% vöxtum og því eru þorskveiðar nú glórulausar frá hagfræðilegu sjónarmiði. Þorskveiðar við númerandi stofnstærð skila engu til þjóðarbúsins og eru bara þungur fjárhagslegur baggi á númer.

verandi og eftirkomandi skattgreiðendum landsins. Þeir þurfa að kosta meiru til uppbyggingar stofnanna en við „græddum“ á niðurrifi þeirra. Kjörveiðar (16 - 20%) úr stofni í kjörstærð (2 - 2,5 milljónir tonna) mundu þó skila verðmæti ársaflans til þjóðarbúsins (og erlendra fiskkaupenda) en ekki vera ríkisstyrktur umhverfisglæpur eins og þorskveiðarnar núna.

Sveiflur í þorksstofninum

Mynd 6 sýnir aftur afraksturinn sem fall af tíma en árlegt flökt hefur verið minnkað með því að taka 3. ára hlaupandi meðaltal. Þá sést greinileg sveifla í stofninum en sveiflutíminn hefur styrt úr nálægt 11 árum á 6. áratugnum í um 8 ár nú. Þessi sveifla hlýtur að tengjast kynslóðabilinu sem styttrist stöðugt því að þorskarnir hrygna yngri og yngri. Þáð gæti bent til þess að þorskstofninn hafi skaðast varanlega og muni ekki ná fyrrí afrakstri a.m.k. ekki í bráð þó að stofninn verði byggður upp. Þáð er þó engin afsökun fyrir því að tefja uppbyggingu stofnsins.

Myndirnar hér hafa sýnt að afrakstur þorskstofnsins hefur minnkað af því að stofninn hefur minnkað. Það svarar til tilspurningunni en skoðum þetta samt nánar. Tveir þættir ákveða afraksturinn, nýliðunin eða nýliðafjöldinn annarsvegar og hinsvegar þyngd og vöxtur nýliðanna þ.e. afraksturinn á hvern nýliða.

Skoðum fyrst samtíma samband hrygningarástofns og nýliðunar (mynd 7). Þar sést jákvætt samband, en fjarri því að vera marktækt. Mönnum kann að líka þáð misvel en fæstir reyna að mótmæla þeirri

MEIRA FYRIR NÁMSMENN

2 fyrir 1 i bio


smárabíó, laugarás bíó, háskólabíó, borgar bíó, regnboginn.

Landsbankinn

* Gildir á sýningar manudaga til fimmtudaga sé greitt með Námukorti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða á íslenskar myndir.

Náman | námsmannabjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is






Mynd 6. Samband afriksturs (priggja ára meðaltöl) og tíma.

staðreynð að fylgnistuðullinn R milli hrygningarástofns og nýliðunar mælist ekki nema $0.0245 = 0.16$ í þeim gögnum sem fyrir liggja.

Hókus pókus

En líki manni það ekki, hvorki að sambandið skuli vera ómarktækt né að það skuli vera jákvætt, þá er ýmislegt hægt að gera, t.d. sía gögnin. Með því að taka 3 til 5 ára hlaupandi meðaltöl sléttist út árlegt flökt og sveiflan í stofninum verður greinilegri samanber mynd 6. Sé tekið 15 ára hlaupandi meðaltal þá sléttist sú sveifla út líka og eftir stendur meðal nýliðun og hrygningarástofn. Nú getum við dregið 15 ára meðaltalið frá 5 ára meðaltalinu og skoðum samband stærðanna eftir slíka síun. (Kristjánsson 2003.)


Nú sést sterkt neikvætt samband milli stærðanna. Þegar hrygningarástofn er stór er nýliðun lítil og öfugt. Fylgnistuðullinn R er $-0.427 = -0.65$ og fylgnir mjög marktæk. Einnig má skoða breytingar í tíma og sést þá greinilega hvernig nýliðunin sveiflast niður þegar hrygningarástofninn sveiflast upp og öfugt.




Mynd 7. Samband nýliðunar og hrygningarástofns.
SSB = Spawning Stock Biomass.

Til að fá góða nýliðun þarf greinilega að minnka hrygningarástofninn með því að veiða sem allra mest. Það er líka augljóst líffræðilega séð: Ef hrygningarástofninn er stór þá étur hann alla tiltæka fæðu, þar með allan matinn frá nýliðunum og étur svo nýliðana í eftirrétt. Því er mest um vert að varast alla vanveiði. Stækki stofninn sýnir það að hann er vanveiddur. Minnki stofninn þá er hann að falla úr hor og þá er sóknarminnun eða vanveiði það allra versta sem hægt er að gera.

Hér er ég auðvitað ekki að lýsa viðurkenndum eða eigin skoðunum heldur bara að vitna í léttum dúr í „rök“ sem oft eru notuð til að heimta meiri veiðar. Mynd 7 sýnir ekki marktækt samband milli nýliðunar og hrygningarástofns. Þessi mikilvægu hugtök, fylgni tveggja stærða og fylgnistuðull R hafa enga merkingu ef það má bara sía gögnin og fá út marktæka neikvæða fylgni fyrir sömu stærðir og áður mældust með jákvæða ómarktæka fylgni. Eða hvaða fylgni sem við viljum því finnista okkur þessi fylgni ekki nægileg þá er bara að nota sömu síu á gögnum aftur. Svona auðveldlega breytum við ekki staðreymundum. Þó að mynd 9 eða sambærileg hafi birst víða á netinu mun hún tæpast birtast í vísindariti nema þá sem viti til varnaðar. Að hún sýni neikvætt samband hrygningarástofns og nýliðunar og nauðsyn þess að auka sóknina er af og frá.



Mynd 8. Samband nýliðunar og hrygningarástofns fyrir síuð gögn.



Mynd 9. Nýliðun og hrygningarástofn SSB.

Hrun færeyska þorskstofnsins

Færeysku fiskveiðistjórnarlögin fyrirskipa sjálfbærar fiskveiðar en ráðherra (Nielsen 2005) hundsaði þau og ráðleggingar vísindamanna árum saman og réttlætti ofveiði á þorski, ýsu og ufsa með því að mynd 9 sýni að nýliðunin sé í öfugu sambandi við stofnstærðina! Að byggja fiskveiðistjórnun á svo fráleitum grunni gerist varla nema þar sem ráðherrar og hagsmunaaðilar hafa óeðlilega mikil völd, og þar sem fiskifraeðingar hafi glatað trúverðugleika sínum. Með því t.d. að ráðleggja stöðugt margfalda kjörsókn og spá samt uppyggingu sem augljóslega verður ekki. Alþjóða Hafrannsóknarráðið hefur nú mælst til þess að veiðum úr báðum þorskstofnunum við Færeyjar verði hætt en Færeyingar hafa enn ekki orðið við þeim tilmælum.

Skiptir nákvæmni stofnmælinganna meginmáli?

Hér verður líka eytt nokkrum orðum að þeirri gagnrýni sem stöðugt er beint að rallinu eða stofnmælingu Hafró. Sú gagnrýni er reist á misskilningi því stofnrekningar Hafró byggjast ekki á stofnmælingunni heldur á aldursaflagreiningu á aflatölunum. Stofnmælingin er einungis til að stilla af aldursaflagreininguna í þeirri trú (eða bjartsýni?) að hún meti þá stofn líðandi stundar með meiri nákvæmni. Það mat reynist samt ónákvæmt og næsta ár þarf að endurskoða það vegna nýrra aflatatalna. Þegar fram líða stundir, og hér er aðeins verið að tala um örfá ár, breytir stofnmælingin engu um stofnstærðina. Hún


ákvarðast þá alveg af aflatölunum og er jafnnákvæm og þær eða jafn ónákvæm, allt beint eða dulið brottkast veldur vissulega vanmati á stofninum. Það er samt enginn grundvöllur fyrir stærri kvóta að svo miklu af aflanum sé hent. Stofnmælingar Hafró eru örugglega með þeim allra bestu en að sumu leiti væri samt betra að þær hefðu aldrei verið gerðar, því Hafró mistúlkar þær stöðugt og er yfirleitt alltaf að ofmeta (ekki vanmeta!) stofn líðandi stundar, að ekki sé talað um framrekningana til að finna stofn eða sókn næsta árs. Stöðugar upphrópanir að stofnmæling Hafró sé handónyt, bara blint skot út í loftið með löngu úreltum græjum, og vanmeti alltaf stofninn eru því rökleysa.

Hvaða stofnstærð hefur mesta fylgni við nýliðun?

Margt getur truflað það að fylgni sjáist í mælingum þó að sterkt fylgni sé raunverulega til staðar. Því liggar ekki alltaf beint við að sýna fram á samband tveggja stærða, en síun eins og á mynd 8 - 9 er allavega ekki aðferðin. Því skyldi vera búist við fylgni milli hrygningarstofns og nýliðunar. Nýliðarnir eru þriggja ára og því skyldi fjöldi þeirra í dag vera háður fjölda kynþroska þorska í dag? Miklu skynsamlegra er að skoða samband hrygningarstofns fyrir þremur árum við þessa þriggja ára nýliða í dag. Með öðrum orðum stærð hrygningarstofns þegar hann hrygndi þessum nýliðum. Enn betra er að skoða samband hans við fjölda nýliða á næsta ári eða næstu

SAMHERJI HF

SAMHERJI HF STYRKIR ÞESSA ÚTGÁFU




Mynd 10. Samband hrygningarstofns og nýliðunar (6 árum síðar).

árum því óvist er að fyrsta hrygning þorskanna sé sú sem mestu máli skiptir. Þeir eiga eftir að hrygna aftur og aftur og þó að finna megi hrogn í tiltölulega ungu fiskum þá gætu það verið eldri fiskarnir, golþorskarnir sem mestu máli skipta. Umtalsverð tímatöf er oft milli orsaka og afleiðinga og það getur verið talsverð tímatöf frá kynþroskaaldri yfir í mesta og besta afkvæmafjölda. Þar fyrir utan gætu golþorskars verndað nýliðunina með því að éta þá sem éta ungvöi þorskssins. Þegar sambandið milli hrygningar og hrygningarástofns er skoðað með 3 ára tímatöf (6 ár milli hrygningarástofns og nýliðunar) þá sést allt öðruvísi mynd. Sambandið milli nýliðunar og hrygningarástofns er þá hlutfallslegt og mjög marktækt.

Af hverju sveiflast þá þorskstofninn?

Síðan á mynd 8 og 9 kallast á tæknimáli gluggasía eða band-pass filter og hún hleypir í gegnum sig ákveðnu tilönbili. Almennt býr hún þá til 10 ára sveiflu úr slembigögnum en hér er hún allt eins mikil að magna upp sveiflu sem fyrir er í gögnunum (mynd 6). Sveiflu sem vafalaust orsakast af sveiflu í hrygningarástofni og aftur orsakar nýja sveiflu í hrygningarástofninum. Sveiflutíminn er þá kynslóðabilið sem er að styttast því fiskarnir hrygna yngri og yngri. Stórr hrygningarástofn gefur þannig eftir ákveðna tímatöf mikla nýliðun og ekkert í mynd 9 hafnar þeirri túlkun um jákvætt samband milli nýliðunar og hrygningarástofns. Merkilegt en alls ekkert óeðlilegit er að tímatöfin er talsvert meiri en þau 3 ár sem allavega verður að búast við vegna þess að nýliðarnir eru þriggja ára. Hinn virki hrygningarástofn er því ekki SSB heldur mun eldri fiskar sem bæði hafa reynslu og hlutfallslega miklu fleiri og betri hrogn en þeir ungu fiskar sem SSB samanstendur af. Þessi tölfræðilega niðurstaða (Júliusson 1989) fyrir íslenska þorskstofninn hefur verið staðfest með líffræðilegum athugunum (Mart-einsdóttir og Þórarinsson 1998) og er nú mjög vel þekkt um allan heim fyrir marga fiskistofna.

Halda mætti af mynd 10 að hægt sé að stækka nýliðunina endalaust með því að stækka hrygningarástofninn. Svo gott er það nú



Mynd 11. Samband hrygningarástofns og nýliðunar.

ekki en mynd 11 sýnir að ef hrygningarástofninn er byggður upp í 700 þús. tonn þá má búast við að meðalnýliðunin verði 250 milljón þorska og þó ekki sé miðað við meiri afrakstur á nýliða en 1,6 kg (var meiri áður fyrr) þá yrði heildarafraksturinn 400 þús tonn.

Þannig var allavega samband nýliðunar og SSB áður fyrr. Ekki er útilokað né einu sinni ólíklegt að þorskstofninn sé þegar varanlega skaðaður af erfðabreytingum vegna ofveiði og ekki sé hægt að byggja hann upp aftur nema þá kannski á mörgum öldum. Skaðinn af þorskveiðum Íslendinga gæti verið óbætanlegur og þróuninni á mynd 1 verður kannski aldrei snúið við. Kannski alþjóðlegt bann við


þorskveiðum, botnvörpuveiðum eða öllum fiskveiðum sé það eina sem getur bjargað því sem bjargað verður af þorskstofnинum, þessari langstærstu náttúruauðlind sem Íslendingar hafa átt.

Minnkandi stofnstærð er kannski ekki eina ástæðan fyrir aflaminnkuninni. Minnst hefur verið á erfðabreytingar og tíðrætt er um loftlagsbreytingar og skaðsemi botnvörpunnar. Það að næringarsöltum er ekki skilað aftur inn í hringrás sína þegar fiski er landað gæti valdið síminnkandi frjósemi hafanna. Fyrir fæðuskorti og sulti í hafinu gætu líka legið fleiri ástæður (MacKenzie 2006).

Tilvitnanir:

- Hafnarstofnunin 2007. Nytjastofnar sjávar 2006/2007 Aflahorfur fiskveiðarið 2007/2008. <http://www.hafro.is>
- Júliusson, E. 1989. Útsæðisát, Morgunblaðið, 7/11 18-19. Tölfræðileg greining sýnd á ráðstefnu Sjávarútvegsstofnunar H.I. í sama mánuði (óbit)
- Kristjánsson, J. Fiskirrádgivning på Færøerne 2003. <http://www.mmedia.is/jonkr/>
- MacKenzie, D. 2006. The Starving Ocean. <http://www.fisherycrisis.com>
- Marteinsdóttir G, Thorarinsson K (1998) Improving the stock recruitment relationship in Icelandic cod (*Gadus morhua*) by including age diversity of spawners. Can J Fish Aquat Sci 55:1372-1377
- Niclasen, J. 2005. Lifað með náttúrunni. <http://www.xf.is/pdf/Niclasen.ppt>
- Report of the North Western Working Group 2007. <http://www.ices.dk>
- Scheaffer, M. B. 1954. Some aspects of the dynamics of population important to management of the commercial marine fisheries. Inter-Amer. Trop. Tuna Comm. Bull. 1(2), 27-56.

Korselett með streng í miklu úrvali á 2893,-kr



80053

32 til 40



32 til 40

A20



Akureyri 461-3031
Sunnuhlíð
Opíð
Virka daga
10.00 til 18.00
Laugardaga
11.00 til 15.00

Adam & Eva
MEGASTORE
adamogeva.is

Dekk Tilboðspvottur Smurstöð Veghermi Mikroskurður Feigunettingarvel



**DEKK ERU
OKKAR FAG**

 **DEKKJA
HÖLLIN**
egilsstaðir akureyri

Draupnispótu 5, Akureyri
Sími 462 3002
Pverklettaum 1, Egilsstöðum
Sími 471 2002

www.dekkjahollin.is

**Hagkvæmni,
sveigjanleiki
og góð þjónusta**

- á 13 stöðum um allt land.



**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
Holdur

**National.
Car Rental**

Þínar þarfir - okkar þjónusta.

461-6000 • holdur.is

Reykjavík • Keflavík-Apt • Borgarnes • Ólafsvík • Ísafjörður • Sauðárkrúkur • Akureyri
Vopnafjörður • Egilsstaðir • Neskaupstaður • Höfn • Vestmannaeyjar • Hveragerði

Haf- og strandsvæðastjórnun:

Meistaránám við Háskólastetur Vestfjarða

Haustið 2008 gefst námsmönnum tækifæri til að hefja nám á meistarastigi í Haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólastetur Vestfjarða. Námið verður í samstarfi við Háskólann á Akureyri, sem mun verða fræðilegur bakhjalr Háskólastursins í náminu og sjá um gæða-eftirlit og skráningu nemenda. Nemendur munu útskrifast með meistaragráðu frá Háskólanum á Akureyri en námið mun að öllu leyti fara fram á Ísafirði, við Háskólastetur Vestfjarða.

Hér er um að ræða þverfaglegt 120 ECTS nám á meistarastigi þar sem lögð er áhersla á þverfaglega nálgun í stjórnun haf- og strandsvæða, þ.e. efnahagslegar, félagslegar, pólitiskar og umhverfislegar forsendur í stjórnun þessara viðkvæmu svæða. Námið er nýtt af nálinni á Íslandi og er inntak námsins í samræmi við áherslur Evrópusambandsins í haf- og strandsvæðastjórnun. Áherslan í náminu er á stjórnun, en slíkt er nýjung hér á landi við nýtingu umhverfis og auðlinda.

Námið er þannig byggt upp að nemendur hefja nám að hausti og taka 90 ECTS í formi námskeiða á þremur önnum (haust-, vor- og sumarönn), þannig að þeir sem taka námið á fullum hraða ljúka því á einu ári og eiga þá eftir að skrifa lokaverkefni sem er 30 ECTS. Þar sem öll námskeið eru kennd í þriggja vikna lotum er hér einnig um að ræða tilvalið tækifæri fyrir þá sem hafa áhuga á einstökum námskeiðum í náminu að taka eitt námskeið og ljúka því á þremur vikum. Hér verður um hágæðameistaránám að ræða þar sem stefnt er að því að kennararnir verði þeir færstu á sínu sviði á landinu og jafnvel á heimsvísu.




Peter Weiss, forstöðumaður Háskólasturs Vestfjarða og Þorsteinn Gunnarsson rektor HA skrifa undir viljayfirlýsingum um samstarf um nám í haf- og strandsvæðastjórnun.

Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér nám í haf- og strandsvæðastjórnun nánar er bent á að fylgjast með á heimasiðu Háskólasturs Vestfjarða, www.hvest.is en upplýsingar um námið verður hægt að nálgast þar innan tíðar.



HÁSKÓLASTUR VESTFJARÐA
UNIVERSITY CENTRE OF THE WEST FJORDS

Suðurgata 12 400 Ísafjörður Sími 450 3040 info@hvest.is www.hvest.is




TILBÚI FOTÓ

VATN · RAFORKA · VARMÍ



NORDURORKA

RANGÁRVÖLLUM, PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI
SÍMI 460 1300 • FAX 460 1301
nordurorka@no.is • www.no.is



FALLEGIR HANDSÚÐADAR SKARTGRIPR.
VERIÐ VELKOMIN STEFAN.

studio

Skapagötu 6 · Sími 460 1818

Akureyri

Enginn selur fleiri fasteignir en REMAX



Sunnuhlið 12 - Sími: 412 1600
Amar Guðmundsson • Lögg. fasteignasali
www.remax.is

RE/MAX
Miðlun



Styrkir útgáfu
þessa blaðs

Heildarlausnir

www.iss.is

5800-600



RES

THE SCHOOL for RENEWABLE ENERGY SCIENCE

RES | THE SCHOOL
for RENEWABLE ENERGY SCIENCE

RES - Orkuskóli

Undanfarin fjögur ár hefur verið unnið að stofnun alþjóðlegs háskóla á svíði endurnýjanlegra orkugjafa sem mun starfa á Akureyri. Um er að ræða einkarekna mennta- og vísindastofnun. RES – The School for Renewable Energy Science verður til húsa í nýjum vísindagörðum við Háskólann á Akureyri. RES mun byggja starfsemi sína á forystu Íslendinga á svíði orkumála.

Orkuvörður starfrækja RES

Orkuvörður ehf. hefur með stuðningi fyrirtækja og stofnana á borð við Vaxtarsamning Eyjafjarðar, Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands unnið að stofnun skólans. Hluthafar eru þekkingarvörður ehf., RARIK, KEA, Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga, Landsvirkjun, Norðurorka, Akureyrarkaupstaður og Landsbanki Íslands.

Einn fárra skóla á þessu svíði í heiminum

Orku-og umhverfismál eru sifellt ofar í hugum fólks samhliða aukinni orkunotkun, hærra orkuverði og auknum umræðum um loftslagsbreytingar. Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa á því mun meira fylgi að fagna nú en áður, ekki síst sem liður í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Ísland í forystu í orkumálum

Sérstaða og þekking Íslendinga á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa er mikil. Í því liggja meginrökin fyrir rekstri sérhæfðs orkuskóla á Íslandi:

- Hátt hlutfall af heildarorkunýtingu á Íslandi er frá endurnýjanlegum orkugjöfum.
- Yfirlýst stefna íslenskra stjórvalda í orkumálum miðar að frekari nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa með umhverfissjónarmið að leiðarljósi, ásamt áherslu á uppbyggingu íslensks vetrnissamfélags.

- Mikil sérfræðiþekking er til staðar hérlandis á nýtingu jarðvarma, vatnsafls og vetrnis sem orkubera. Íslensk fyrirtæki bjóða ráðgjafabjónustu um nýtingu jarðvarma viða um heim.
- Jarðhitaskóli HSþ hefur verið starfræktur hér á landi síðan 1979. Mikið brautryðendastarf hefur verið unnið við skólann og lagður grunnur að alþjóðlegu samstarfi um nýtingu jarðhita. Það er því einstakt og hagstætt umhverfi til að byggja upp menntastofnun á þessu svíði hér á landi.

Alþjóðlegt meistaranám

Meginverkefni RES verður að bjóða eins árs alþjóðlegt meistaranám í vistvænni orkunýtingu, samtals 45 einingar eða 90 ECTS. Byggt er á svokölluðu Bologna ferli um samræmingu á háskólastiginu í Evrópu og áformum um uppbyggingu evrópsks rannsóknasvæðis. Stefnt er að því að RES bjóði í náinni framtíð nám á öllum svíðum endurnýjanlegra orkugjafa, þar með talin jarðvarmi, vatnsafl, vindorka, sjávarfallaorka, sólarorka, lífmassi og fleira, auk áherslu á efnarafala og þá sérstaklega á vetni sem orkubera. Meistaranámið er rannsóknatengt og alþjóðlegt. Öll kennisla og samskipti við nemendur fer fram á ensku og þannig verður unnt að bjóða námið erlendum nemendum til jafns við íslenska. Þetta fyrirkomulag gefur mikla möguleika í tengslum við kennslu-og rannsóknasamstarf við erlenda rannsóknaháskóla og stofnanir. Samhliða uppbyggingu námsins hafa forráðamenn RES markvisst byggt upp formlegt samstarfsnet, RESnet, með á þriðja tug háskóla í Evrópu og Ameríku sem undirritað hafa samninga um samstarf við RES. Netinu er ætlað að vera vettvangur fyrir samstarf á svíði menntunar og rannsókna auk þess að vera mikilvæg uppsprettu tengsla fyrir eigendur RES.

Eigendur Orkuvarða ehf.



Bækkingarvörður ehf.



RARIK



Landsvirkjun
Síðla innanum 1-40-ji
KEA



NORDURORKA
EIGARHOLDSTÍLAGIÐ
SAMVINNUTRYGGINGAR



Landsbanki Íslands



Akureyrarbar



Halldór J. Kristjánsson bankastjóri Landsbanka heldur ræðu við opnun RES, 9. maí 2007.



Björn Gunnarsson undirritar samning við háskóla í Moskvu í maí 2007.

Uppbygging námsins

Meistaranaðið er alls 45 íslenskar námseiningar eða 90 ECTS einingar sem ljúka skal á einu ári. Kennslan fer öll fram í lotum þannig að hvert námskeið er kennt í 1-3 vikur (2-6 ECTS einingar), 3-4 fyrirlestratímar á dag auk dæmatíma, verklegra æfinga og skoðunarferða. Inntökuskilyrðin eru ströng; krafist er góðs undirbúnings í verkfræði og/eða raungreinum, auk hagfræði. Námið skiptist í þrjár annir sem hver er 30 ECTS einingar.

- Á fyrstu önn verður farið yfir grunnatriði og eiginleika mismunandi endurnýjanlegra orkugjafa, aðferðir við rannsókn orkugjafanna, tæknilega- og verkfræðilega þætti í tengslum við nýtingu, umhverfisáhrif nýtingar og almennt um stöðu orkumála í heiminum eins og hún er nú. Fjallað verður meðal annars um aðferðir við að bæta orkunýtingu, nýjustu orkutækni, orkugeymslu, samsett orkukerfi og LCA-greiningar. Hagrænn þáttur nýtingar orkuauðlinda verður séristaklega skoðaður og fjallað almennt um stjórnun orkumála og mörkun orkustefnu.
- Á annarri önn velja nemendur eitt af sjö áherslusviðum meistaranaðsins og taka fjölda námskeiða hver á sínu valda sérsviði: a) jarðhitaorka; b) vatnsaforska; c) lífmassaorka og vistvænt eldsneyti; d) vindorka, öldu-og sjávarfallaorka; e) sólarorka; f) efna-rafalar og vetni; og g) orkukerfi og orkustjórnun. Áhersla er lögð á hagnýta og tæknilega þætti og að nemendur öðlist nægilega kunnáttu og færni til að taka virkan þátt í úrlausn flókinna verk-efna sem tengjast sívaxandi nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.
- Á þriðju önn vinna nemendur 30 ECTS eininga meistaraverkefni

undir handleiðslu kennara/sérfræðinga RES Orkuskóla, sérfræðinga orkufyrirtækja, verkfræðistofa og/eða kennara við aðra innlenda eða erlenda samstarfsháskóla.

Við RES Orkuskóla er starfræktur RES Leiðtogaskóli og RES Sumarskóli. Leiðtogaskólinn mun hefja starfsemi sína haustið 2008. Í honum verður stjórnendum fyrirtækja boðið upp á stutt hagnýt námskeið á svíði umhverfis- og orkumála. Neytendur kalla í auknum mæli eftir skýrri og markvissri umhverfisstefnu hjá fyrirtækjum og framleiðendum. Til þess að takast á við auknar kröfur þurfa fyrirtæki almennt að búa stjórnendur sína þeim hæfileikum sem þarf til að taka slíkar ákvarðanir. Sumarskólinn er starfræktur í samstarfi við School for International Training, og býður bandarískum háskólanum upp á sumardvöl og nám í umhverfis- og orkumálum við RES. Fyrstu nemendur Sumarskólans hófu nám í júní 2007.

Prófessorar og kennrarar RES

Stærstur hluti kennara og annars starfsliðs skólans er alþjóðlegur. Einnig koma að skólanum prófessorar og kennrarar er starfa við Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og ÍSOR. Að sama skapi verður, þrátt fyrir sjálfstæði RES, margvisleg bjónusta samnýtt með Háskólanum á Akureyri, svo sem rannsóknarými, auk aðgengi að bókasafni og rafrænu safni skólans. Megintekjur RES verða skólagjöld nemenda. Það eru Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri sem munu samkvæmt samstarfssamningi við RES veita hina formlegu M.Sc. gráðu í endurnýjanlegum orkujöfum.

Íslenskir samstarfsaðilar RES



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Nánari upplýsingar á www.res.is

Arnbjörn Ólafsson

Vinnusími: 460 8942

Farsími: 690 6651

arnbjorn.olafsson@res.is

Dr. Björn Gunnarsson

Vinnusími: 460 8022

Farsími: 847 0682

bjorn.gunnarsson@res.is

RES - Orkuskóli • Sólborg við Norðurslóð • 600 Akureyri

www.res.is • res@res.is



Tengiltvinnbíll

-Hvað er nú það?

Íslendingar njóta þess að hér á landi er allt rafmagn og allur hiti framleiddur með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þegar kemur að samgöngum blasir við önnur staðreynd þar sem orkunotkun í samgöngum hér á landi er gífurleg miðað við fjölda íbúa. Samgöngur eru keyrðar áfram á innfluttu og mengandi jarðefnaeldsneyti en þjóðir um allan heim keppast nú við að finna sínar leiðir til þess að minnka þessa notkun. Margar leiðir eru færar og ljóst að engin ein lausn mun taka við af olíu heldur mun blanda ólíkra lausna leysa hana af hólmi með tímanum.

Þegar aðrir eldsneytiskostir en jarðefnaeldsneyti eru bornir saman, stendur notkun rafmagns upp úr þegar litið er til nýtni og mengunar. Gallinn er hinsvegar sá að hingað til hafa menn átt í erfiðleikum með að framleiða rafmagnsbíla sem hafa þá drægni og kraft sem markaðurinn sækist eftir.

Á undanförnum árum hefur hybrid eða tvinntækni slegið í gegn þar sem Toyota hefur dregið vagninn en allir stóru bílaframleiðendurnir hafa nú slegist í hópinn. Tvinnbíll hefur rafmagnsmótor sem vinnur með bensínvélinni sem leiðir af sér betri nýtni og minni útblástur. Sérfræðingum varð fljótlega ljóst að slíkar bifreiðar gætu auðveldilega borið stærri rafhlöðu sem opnar möguleikann á að nota utanáðkomandi rafmagn sem orkugjafa.

Tæknilegir og umhverfislegir kostir slíkra bifreiða er ótvíraðir. Bifreiðin er hlaðin gegnum hefðbundna heimilisinnstungu og stærsti hluti innanbæjarkeyrslu er á rafmagninu einu saman. Helsti kosturinn er sveigjanleikinn sem fylgir slíkri tækniblöndu. Neytandinn þarf á engan hátt að gengisfella kröfur sýnar um stærð, kraft eða drægni bifreiðarinnar. Einungis er verið að opna leið fyrir utanaðkomandi raforku til að auka nýtni og minnka útblástur. Þegar nauðsynlegt væri að spryna í eða fara í langferð þá tekur hin vélín við. Þar sem stærsti hluti slíkra bifreiða yrði hlaðinn á nótturni myndi nýtni raforkukerfisins á almennum markaði aukast og raforkunotkunin yrði jafnari.

Það besta úr báðum heimum

Með breytingu á tvinnbifreið í tengiltvinnbifreið er í raun verið að sameina kosti tveggja vélheimra. Rafmótor hefur frábæra orkunýtni

og engan útblástur en sprengihreyfillinn býður upp á kraft og drægni með bruna eldsneytis. Vandamálið með notkun rafmagns í samgöngum hefur umfram allt verið vandamál með geymslu orku í rafhlöðum. Rafgeymar hafa lengi vel ekki getað geymt næga orku á þyngdareiningu þannig að fyrri hugmyndir manna um rafmagnsbifreiðar, í fullri stærð, strönduðu á þeim takmörkunum sem fylgdu eldri rafgeymatækni. Tvennt hefur einkum breyst á undanförnum árum. Með almennri eign farsíma og fartölva hefur tækniprórun ymissa rafhlaðna fleygt fram. Í öðru lagi hefur sú hugmyndafræði skotið upp kollinum að hugsanlega sé óbarfi að rembast við smíði rafhlöðu sem hefur 400 km drægni enda eru 70% daglegra ferða í bifreið undir 60 km. Með því að nota blandaða tækni má hugsanlega afgreiða þessi 70% með mengunarlausu rafmagni og beita annarri tækni til að mæta afgangnum. Slík nálgun gjörbreytir landslaginu og 10 - 20 kWh orkugeymsla ætti að nægja. Slíkt orkumagn er þó langt yfir getu blýsýrgeyma en Litíum tækni, líkt og notuð er í hleðslurraftækjum, hefur svigrúm til að mæta slíku. Það er þó langur vegur á milli farsíma og bifreiðar. Toyota hefur hingað til ekki treyst sér í litíum rafhlöður vegna óstöðugleika og öryggisvandræða. Þess í stað notast Toyota við Nickel-Metal rafhlöður þar sem hver eining hefur minna en 1,2 V orkubéttini. Orkubéttini Litíum rafhlaðna býður hinsvegar upp á allt að 4 V orkubéttini á hverja einingu og er því líklega eini raunhæfi möguleikinn til að mæta nauðsynlegri orkuþörf tengiltvinnbifreiða. Litíum tæknin er í raun fjölskylda af ólíkum efnablöndum. Toyota veðjaði á sínum tíma á LiCoO₂ en lento í vandræðum með kostnað og sprengihættu. Aðrar Litíum efnablöndur hafa hinsvegar gefið góðar væntingar sem gætu uppfyllt bæði kröfur um lágan kostnað og öryggi. LiFeO₂ rafhlöður hafa t.d. sýnt mikinn stöðugleika og eru að auki frekar umhverfisvæn efnablanda. Markaðssérfræðingar telja að kostnaður rafhlöðu megi ekki vera yfir 300\$ á kWh og þó svo að kostnaður á hverja Litíum einingu hafi þegar náð því marki er enn nokkuð í land að samsett rafhlaða úr slíkum einingum nái ásættanlegum framleiðslukostnaði. Ávinnungur tengiltækinnar er samt sem ádur svo augljós og áþreifanlegur að allir stærstu bifreiðaframleiðendur heims leggja nú talsverða vinnu í þróun slíkra bifreiða. Tvær ólíkar nálganir eru í þróun slíkra bifreiða.

Annarsvegar tengiltvinnbifreiðar sem hafa sprengihreyfil sem tekur yfir þegar með þarf. Hinsvegar eru til bifreiðar eins Chevrolet Volt þar sem sprengihreyfillinn byrjar að hlaða rafgeyminn þegar hleðslan þrýtu. Slíkar bifreiðar keyra því ávallt á rafmagnsmótornum.

Fyrsta tengiltvinnbifreiðin á Íslandi

Hjá Orkusetri hafa menn lengi fylgst með þróun á rafhlöðum til notkunar í samgöngum. Eins og áður segir er sérstaða Íslands mikil þar sem hver einasta innstunga landsins gefur af sér hreint og endurnýjanlegt rafmagn. Tengiltvinnntæknin er enn á þróunarstigi og enginn bifreiðaframleiðandi hefur enn sett á markað slíka lausn. Þrátt fyrir þetta var ákveðið að taka forskot á saeluna og kynna þessa framtíðartækni fyrir íslenskum neytendum. Samorka, samtök orku- og veitufyrirtæki ákvað að kosta þetta verkefni enda hagsmunir orkufyrirtækja á þessu verkefni augljósir. Hér er verið að taka fyrstu skref í mögulegi opnun á nýjum markaði fyrir raforku. Með þessu verkefni fást mikilvægar upplýsingar sem nota má til að meta stærð og eðli slíks markaðar. Verkefnið undirstrikar verðmæti hreinnar raforku og það möguleika sem hún býður upp á.

Við smíði fyrstu tengiltvinnbifreiðarinnar á Íslandi komu breskir rafhlöðusérfræðingar til landsins og breyttu hefðbundinni Toyota Prius tvinnbifreið í tengiltvinnbifreið. Skipt var út 1,3 kW Nickel-Metal rafhlöðu fyrir 9 kW LiFeO₂ rafhlöðu. Nýja rafhlaðan var svo tengd kerfinu sem fyrir er auk þess sem hleðslubúnaður var settur upp. Einnig var mæli- og eftirlitsbúnaður tengdur til að rekstarmæla

rafhlöðuna. Gögn úr þessum mælibúnaði eru send framleiðanda vikulega þannig að verkefnið gefur mikilvægt innlegg í þróunarvinnu slíkra raflaðna.

Bifreiðin er sérmerkt og allar rekstrartölur skráðar. Raforku- og bensínnotkun verður svo mæld í heilt ár sem ætti að gefa mikilvægar upplýsingar um eyðslu slíkra bifreiða. Þarna ættu að fást upplýsingar um hversu mikið rafmagn slík bifreið notar og hvenær hún er hlaðin. Þessar upplýsingar verða svo notaðar til að framrekna áhrif á raforkunotkun, olíunotkun og útblástur bílaflotans í heild. Gögnin munu meðal annars nýtast við líkanagerð sem unnið er að á vegum Orkuseturs þar sem mismunandi lausnir í eldsneytismálum eru bornar saman með tilliti til orkunýtni, mengunar og kostnaðar.

Eitt það áhugaverðasta við tengiltvinnbílatæknin er sú staðreynd að hún getur fræðilega unnið með öllum öðrum eldsneytislausnum. Eldsneytið, sem tekur við þegar raforka annar ekki eftirspurn í vélinni, getur tæknilega verið hvað sem er. Tengiltvinnbíll framtíðarinnar getur því gengið að hluta til á vetni, etanóli, lífdísel o.s.frv.

Í dag keppa díselvélar og tvinnbifreiðar um forskotið í eldsneytisnýtni. Ofurhreinar díselvélar líkt og Blue Motion vélar Volkswagen fyrirtækisins eru mikið framfaraspor með tilliti til nýtni og útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Tvinntæknin á þó alltaf inni trompið sem fylgir tengiltvinnntækninni og getur þannig stungið af í samkeppninni um umhverfisvænustu tæknina. Dísel tengiltvinnbifreið er kannski sú bifreið sem er áhugaverðust þegar horft er til orkunýtingar í samgöngum framtíðarinnar.



ÚTGERÐARFÉLAGID GLÓFAXI

Sími 481 2188
Illugagata 36
900 Vestmannaeyjar

Pökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning

Bautinn
Deloitte
Húsasmiðjan
Siemens
Vátryggingarfélag Íslands
Fjallabyggð
Gámaþjónustan

papco

Áður óþekktar bakteríur í sambýli með íslenskum fléttum?

Fléttur, sem vaxa á klettum og steinum víða um land, eru í raun ekki stakar lífverur, heldur sambýli a.m.k. tveggja lífvera, svepps og ljós-tillifandi örveru (ljósbýlings), sem ýmist er grænþörungur eða blágræn baktería. Sambýlið gagnast báðum aðilum, sveppurinn fær næringar-efni frá ljósbýlingnum sem vinnur það með aðstoð sólarljóss á líkan hátt og plöntur gera, en á móti veitir sveppurinn ljósbýlingnum koldí-oxið og skjól frá harðneskjulegu umhverfinu. Auk sveppins og ljósbýlingsins, sem mynda megin massa fléttunnar, er einnig að finna nokkurt magn annarra örvera í sambýlinu. Hvaða örverur þetta eru og hvert hlutverk þeirra í sambýlinu er hefur lítið sem ekkert verið rannsakað til þessar, hvorki hér á landi né annars staðar. Þó hafa á allra síðustu árum birst niðurstöður rannsókna sem benda til þess að a.m.k. einhver hluti þessarra örvera sé nauðsynlegur þáttur í sam-lífinu og felist framlag þeirra til sambýlisins t.d. í köfnunarefnisnámi, vörnum gegn samkeppnisáðilum á borð við mosa og aðrar fléttur, vörnum gegn ágangi grasbita, o.fl.

Oddur Vilhelmsen, dósent við Háskólanum á Akureyri (HA), Starri Heiðmarsson, fagsviðstjóri grasafræði við Náttúrufræðistofnun Íslands (Nf), Jennifer Coe, rannsóknamaður við HA og Kolbeinn Aðalsteinsson, nemi í líftækni við HA unnu síðastliðið sumar að rannsóknunum á þessari áður óþekktu örverubíótu nokkura íslenskra fléttina. Sýnum af 11 fléttategundum var safnað við vegar að á Norðurlandi og ljósþáðar bakteríur ræktaðar upp af sýnum. Unnið var að kenni-reiningu bakteríanna með bæði klassískum og sameindalíffræðilegum aðferðum. DNA var einangrað úr bakteríunum og þrír raðarbútar magnaðir upp af því með pólýmerasa-keðjuhvarfi (PCR): um 200 basa bútur úr ITS milligenasvæðinu og 300-500 basa bútar af sitt-hvorum enda 16S rDNA gensins. ITS bútnar voru rafdregnir á pólýakrýlamíð geli með afmyndandi styrkhallanda (DGGE), en sú


aðferð aðskilur DNA-búta eftir kirnasamsetningu þeirra og þannig má flokka bakteríustofnana í hópa eftir förun ITS búta þeirra á DGGE geli. Samhliða DGGE-greiningunni eru 16S rDNA raðarbútar valinna stofna raðgreindir og framkvæmd skyldleikagreining á röðunum með samanburði við GenBank gagnabankann. Enn sem komið er hefur aðeins um 10% þeirra 174 stofna sem einangraðir voru verið greindir með þessari aðferðafræði, en þó hafa þar á meðal fundist fulltrúar 4 mismunandi fylkinga baktería (Actinobacteria, Firmicutes, Bacteroidetes og Proteobacteria), þannig að ljóst er að fjölbreytileiki sambýlisbítunnar er verulegur. Athygli vekur jafnframt hversu djúp aðgreiningin frá skyldustu bakteríum er í nokkrum tilvikum, en það gefur til kynna að um áður óþekktar tegundir geti verið að ræða. Fyrirhugað er að raðgreina allt 16S rDNA gen þeirra baktería sem dýpst greinast til að ganga úr skugga um hvort þar séu áður óþekktar tegundir á ferðinni.

Eins og áður segir hafa gisti- og sambýlisbakteríur fléttina afar lítið verið rannsakaðar á heimsvísu. Það þarf því e.t.v. ekki að koma á óvart þó einhver hluti þeirra baktería sem við sjáum í okkar sýnum hafi ekki einangrast áður af fléttum, en það á við um nokkra þeirra stofna sem enn hafa verið kennigreindir. Þeim mun merkilegra er hversu mikil samsvörunin er við þær fáu rannsóknir sem fram hafa farið annars staðar, en um hlemingur þeirra ættkvísla sem við höfum greint hafa einnig fundist á fléttum í Austurríki. Þetta bendir ótvírett til þess að verulegra valáhrifa gæti og rennir stoðum undir þá tilgátu að bakteriurnar séu órjúfanlegur hluti af samlífinu. Hugsanlegt er að hér sé fundin ein skýring á því hversu illa hefur gengið að rækta fléttur á rannsóknastofum. Ef til vill er ekki nægilegt að leiða saman svepp og ljósbýling, heldur þurfa viðeigandi sambýlisbakteríur einnig að vera til staðar.




Caloplaca verruculifera

Ljósmynd: Hörður Kristinsson



Rhizocarpon geographicum

Ljósmynd: Hörður Kristinsson



Á þessu skyldleikatre má sjá 13 bakteriustofna af íslenskum fléttum og skyldleika þeirra við þekktar bakteríur skv. 16S rDNA raðgreiningu. DNA var einangrað með PureGene einangrunarsetti og raðarbútar magnaðir upp með hot-start PCR út frá vísum 27F (5'-AGA GTT TGA TCC TGG CTC AG-3') og 1401R (5'-CGG TGT GTA CAA GAC CC-3'). Raðgreining var framkvæmd á ABI Prism 310 raðgreini.

Sambýli af þessum toga eru síður en svo óþekkt í lífheiminum, en vel þekkt er t.d. samlifi ýmissa plantna og köfnunarefnisnemandi jarðvegsbaktería sem gjarnan mynda svokölluð rótarhnýði á rótum plantnanna. Það vekur einmitt athygli að meðal þeirra baktería sem við sjáum í okkar sýnum má finna hnýðismyndandi bakteríur á borð við *Methylobacterium* og rennir það stoðum undir þá tilgátu að meðal hlutverka sambýlisbítunnar sé köfnunarefnisnám. Af 174 stofnum reyndust 43 geta vaxið á köfnunarefnisfríu æti og má því telja líklegt að hlutverk þeirra í samþýlinu sé að binda köfnunarefní fyrir sveppinn og ljósþýlinginn.

Sú staðreynld að geislagerlar (bakteríur úr fylkingunni *Actinobacteria*) virðast vera t.t.l. stór hluti bakteríubíótunnar rennir stoðum undir þá tilgátu að meðal hlutverka bíótunnar sé að efla varnir fléttunnar gegn samkeppnisaðilum, en geislagerlar eru mikilvirkir framleiðendur örveruhemjandi efna og ýmissa annarra lífvirkra efna. Það er því ekki loka fyrir það skotið að meðal þessara baktería megi finna framleiðendur áður óþekktra sýklalyfja eða annarra frumuhemjandi efna. Ráðgert er að kanna möguleika á hagnýtingu stofnanna í náinni framtíði.

Stofn #	Fléttu	Sýnatoku-staður ^V	Kölóniu-gerð ^A	Gram litun	Frumu-gerð ^B	N ₂ -nám ^C	Likasta GenBank 16S rDNA röð (Accession number)	Eins-leitni	DGGE hópur	Fylking (Phylum)
2gg1	<i>R. geographicum</i>	A	Y	+	B	-	<i>Bacillus pumilus</i> (EU071561)	81%	D	Firmicutes
AnSk7	<i>A. nigricans</i>	K	YG	+	C	-	<i>Microbacterium</i> sp. (AB234055)	96%		Actinobacteria
AnSk8	<i>A. nigricans</i>	K	R, FE	+	C (P&T)	-	<i>Micrococcus</i> sp. (EU029625)	82%		Actinobacteria
AoSk6	<i>A. ochroleuca</i>	K	R	+	C	+	<i>Rhodococcus</i> sp. (DQ985073)	93%		Actinobacteria
CaK14	<i>C. aculeata</i>	K	P	+	C	+	<i>Microbacterium</i> sp. (DQ227343)	90%		Actinobacteria
CaK14	<i>C. aculeata</i>	K	W, L, S	-	B	+	<i>Pseudomonas</i> sp. (AY263479)	96%		Proteobacteria
CbSb14	<i>C. borealis</i>	M	W	+	B	-	<i>Bacillus</i> sp. (AM293001)	99%	D	Firmicutes
CrGk3	<i>C. rangiferina</i>	M	W, S	+	CB	+			C	
CrGk4	<i>C. rangiferina</i>	M	W, S	+	C	-				
CvSm5	<i>C. verruculifera</i>	S	YG	-	CB	+			A	
CvSm9	<i>C. verruculifera</i>	S	Y	-	CB	-			A	
CvSm11	<i>C. verruculifera</i>	S	P	+	C (T&C)	-	<i>Sporosarcina saromensis</i> (AB243864)	96%		Firmicutes
CvSm14	<i>C. verruculifera</i>	S	Y	+	C-E	-	<i>Micrococcus luteus</i> (EF028208)	96%		Actinobacteria
R21	<i>P. flavicunda</i>	A	R, Sm	-	B	+	<i>Methylobacterium</i> sp. (AY569283)	94%		Proteobacteria
SaGb2	<i>S. alpinum</i>	K	W	-	B	+			A	
SaGb6	<i>S. alpinum</i>	K	B	-	CB	-	<i>Chryseobacterium</i> sp. (AM232809)	95%		Bacteroidetes
SaGb7	<i>S. alpinum</i>	K	W	+	C	+	<i>Rhodococcus erythropolis</i> (EF362636)	94%	C	Actinobacteria
SaGb10	<i>S. alpinum</i>	K	W	-	B	+	<i>Stenotrophomonas</i> sp. (AEU073955)	93%	A	Proteobacteria

A = Klappir nærrí Borgum á Akureyri, K = Fjallshlíð fyrir ofan Kjarnaskógi, M = Nærri Másvatni, S = Fjörugrjót í Eyjafirði, Y = gul, YG = gulgræn, R = red, FE = „spælt egg“, P = bleik, W = hvít, L = stór, S = með slikju, Sm = smá, B = brún, #B = staflaga, C = kúlulaga, CB = „kúlustafir“, C-E = ílangar kúlur (ellipsulaga), P&T = pör og fernur, T&C = fernur og stærri hópar, vöxtur á N2-fríu æti.

þróun fiskneyslu

Hafið -vanmetin matarkista

Könnuð var fiskneysla á Akureyri og í nágrenni í lokaverkefni frá Auðlindadeild Háskólangs á Akureyri árið 2006. Markmið þess var m.a. að rannsaka fiskneyslu á Akureyri og í nágrenni bæjarfelagsins, þekkingu íbúana á heilnæmi fisks og hvort bilið milli kynslóða í neyslu hans sé að aukast eins og eldri rannsóknir höfðu sýnt. Í ljós kom að í upphafi neyslurannsókna á Íslandi sem var um miðja síðustu öld að meðalfjöldi fiskmáltriða var frá 3,6 skiptum upp í 5 skipti á viku og fiskurinn, sem var ein aðalfæðan í kaupstöðum landsins, var nánast daglega á borðum og í langflestum tilvika soðinn (Baldur Johnsen, 1941, bls 132-139).

Fiskur af Íslandsmiðum er hráefni af miklum gæðum, hollusta sem Íslendingar geta verið stoltir af og kemur það m.a. fram í niðurstöðum vöktunarrannsókna Matis á magni óæskilegra efna í sjávarfangi. Fiskur (feitur og magur) af Íslandsmiðum sem mældur var árið 2005 inniheldur að meðaltali 0,38 ng TEQ/kg af dioxin og dioxinlíkum PCB eftum (Ásta Margrét Ásmundsdóttir og Helga Gunnlaugsdóttir 2006, bls. 25). Til samanburðar eru niðurstöður mælinga frá ríkjum Evrópusambandsins frá árunum 1997-2003 þar sem að meðaltalið er 1,79 ng TEQ/kg af dioxin og dioxinlíkum PCB eftum í feitum og mögrum fiski. Leyfileg hámarksgildi þessara efna í fiski eru í dag 8 ng TEQ/kg (Gallani og Boix, 2004, bls. 10). Niðurstöður fjölmargra rannsókna staðfesta ennfremur jákvæð áhrif fiskneyslu, þar á meðal áhrif ómega-3 fitusýra á hjarta og æðasjúkdóma og á heilastarfsemina og mikil gæði fiskpróteinanna (Globefish, 2007).

En meira þarf til en góðar niðurstöður rannsókna, við þurfum líka að borða fisk reglulega. Fiskneysla hefur dregist verulega mikil saman á undanförnum árum og niðurstöður rannsóknar um fiskneyslu Akureyringa árið 2006 sýna að það er eldra fólkid sem ber neysluna uppi. Elsti hópurinn (55-75 ára) er að neyta fisks að meðaltali 2,7 skipti á viku. Ungt fólk á Akureyri og nágrenni (16-24 ára) er ekki að borða fisk sem aðalrétt eins og ráðleggingar Lýðheilsustöðvar kveða á um eða að lágmarki tvisvar í viku. Neysla þessa aldurshóps er að meðaltali 1,5 skipti á viku og það er hér sem skóinn kreppir að. Þetta eru væntanlegir foreldrar næstu barnakynslóðar og sá

aldurshópur sem stendur berskjaldaður frammi fyrir velmegunar-sjúkdómum nútímans þar sem aukin tiðni ofþyngdar og offitu er bláköld staðreynd. Það styðja niðurstöður könnunar í Bandaríkjunum frá árinu 2003-2004 þar sem offitutíðni þar í landi er komin í 32,9% en var 15% á árunum 1976-1980. Í aðgerðaráætlun ESB gegn ofþyngd og offitu árið 2007 hefur framkvæmdastjórnin sent frá sér tillögur í hvítbók (White paper) í baráttunni gegn offitu, en talið er að í meirihluta ríkja ESB sé meira en helmingur íbúa yfir kjörþyngd. Alþjóðaheilbrigðismálastofrunina (WHO) hefur sett fram í heilbrigðis-stefnu sinni fyrir árin 2007-2012 markmið um að draga úr velmegunar-sjúkdómum og þar með talið offitu fullorðinna, barna og unglings. Offita er áhættupáttur fyrir hjarta og æðasjúkdóma, sykursýki II, heilablöðfall og sumum tegundum krabbameina og er því ljóst að þetta er mjög veigamikill málaflokkur (CDC, 2007, og Lýðheilsustöð, 2007a, 2007b).

Fiskur var ein aðalfæða í kaupstöðum hér áður fyrr, nánast daglega á borðum og var líklega hluti skýringar á háum meðalaldri okkar. Það að fiskur er hollur virðist vel þekkt meðal neytenda. Í rannsókninni gefa 60% viðmælenda fiski 10 í einkunn fyrir hollustu og ekki virðist bragðið skemma fyrir fiskinum en rúmlega 91% að-spurðra finnst fiskur vera góður á bragðið. Viðmælendur segja oftast borða ýsu, þ.e. í 67,1% tilvika, og eru niðurstöðurnar afgerandi þar um. Feitur fiskur var sjaldan nefndur yfir þá tegund sem oftast er borðuð og marktækur munur reynist milli karla og kvenna þegar spurt var hvernig sá fiskur sem oftast er borðaður er eldaður.

Karlmann borða fisk oftast steiktan en konur borða frekar soðinn fisk. Sameiginleg máltrið fjölskyldunnar á mjög undir högg að sækja þar sem miklar framfarir hafa átt sér stað í okkar þjóðfélagi og skyndibitamennning og hraður lífsstíll er einkennandi fyrir samfélagið. Íslendingar áttu eitt sinn Evrópumet í fiskneyslu en nú er svo komið að fiskneysla á Íslandi er að nálgast það að vera svipuð og í mörgum löndum Evrópu (Laufey Steingrímsdóttir o.fl, 2002, bls.71).

Í bryggjuspjalli í Mbl. 22. okt. síðstliðinn, þar sem fjallað er um rekjanleika fisks, kemur fram sú skoðun greinarhöfundar að meirihluti

Þú hefur 26 góðar ástæður...



...til að vera í viðskiptum við okkur

Starfsmenn okkar leggja sig í hvívetna fram um að veita þér persónulega og trústa þjónustu. Í þeim augum eru allir viðskiptavinir mikilvægir.



Við erum hér fín vegna

Skipagata 9 | 600 Akureyri | sími 460 2500 | www.spnor.is



SPARISJÓÐUR
NORÐLENDINGA

Ég er sko með allt á hreinu!
(held ég)

**EKKI GERA
EKKI NEITT.IS**

intrum justitia

Intrum Akureyri | Hafnarstræti 91-95 | 600 Akureyri | Sími 440 7400

Domus | Akureyri
Hafnarstræti 91-95
sími 440 6110

domus.is

Við verðmetum eignina þína,
þér að kostnaðarlausu.

Hafðu samband við okkur í
síma **440 6110** og fáðu nánari
upplýsingar.

domus

Hágæða fasteignasala sem ber umhyggju fyrir þér!



verðum við nægjanlega meðvituð um auðlindina úr hafinu til að viðhorf okkar til fiskssins færst frá því að hann eigi að vera ÓÐÝR/ÓKEYPIS í það að neysla ALLRA aldurshópa sé í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar. Ljóst er að enn er til hópur fólks sem getur útvegað sér fisk á annan hátt en að kaupa hann í matvöruverslun því samkvæmt fyrirnefndri rannsókn er sá fiskur sem eldaður er á heimilum á Akureyri og nágrenni ekki nema rétt rúmlega í 50% tilvika keyptur í verslun (frosinn eða ferskur). Í þessari umræðu má þó ekki gleyma því frumkvöðlastarfi sem eigendur fyrirtækisins Fylgifiskar í Reykjavík hafa unnið. Eigendur þess hafa lyft grettistaki í að gera fiskinn að veislumat í huga nútímamannsins. Fyrirtækið var tilnefnt af MNÍ (Matvæla og næringarfræðifélag Íslands) til Fjöreggsins, verðlaun sem eru veitt fyrir lofsvert framtak á matvæla og næringarsviði.

Stóru fyrirtækin í sjávarútvegi byggja rekstur sinn á erlendum mörkuðum og heimamarkaðurinn er oft álitinn bæði lítill og erfiður. Þar eru því miður ekki augljós tengsl á milli hagsmuna margra fyrirtækja í greininni og heimamarkaðarins.

Kjúklingabændur hafa á hinn bóginn unnið heimavinnuna sína þar sem markaður þeirra er eingöngu hérlandis og kjúklinganeysla hefur vaxið gríðarlega á stuttum tíma. Mjólkuriðnaðurinn hefur einnig verið frjór í auglýsingaherferðum og almenningur er vel upplýstur um hollustu mjólkurvara. Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til niðurgreiðslna í landbúnaði.

Framboð á fuglakjöti hefur frá árinu 1996 farið úr 6,6 kg/mann á ári í 21,7 kg/mann 10 árum síðar sem er rúmlega 300% aukning en fiskframboð hefur á hinn bóginn nokkurnvegginn staðið í stað, var árið 1996 44,9 kg/mann á ári og 10 árum síðar 45,5 kg/mann á ári. Þessar tölur segja ekkert til um neyslu en þær veita upplýsingar um bróun á mataraði okkar til lengri tíma.

Heimildir:

Ásta Margrét Ásmundsdóttir og Helga Gunnlaugsdóttir (2006). Undesirable substances in seafood products - Results from the monitoring activities in 2005. Reykjavík: Rannsóknarstofnun fiskilæðaðarins.

Baldur Johnsen (1941). Handhæg aðferð til næringarrannsókna í héruðum og niðurstöður næringarrannsókna á nokkrum stöðum á Vestfjörðum. Læknablaðið. 27 (9.tbl.), 129-137.

Barbara Gallani og Ana Boix (2004). Dioxins and PCBs in Food and Feed: Data available to DG SANCO Joint Report DG-SANCO / DG-JRC-IRMM. Brussels: European commission, Joint Research Center.

CDC Center for Disease Control and Prevention (2007). Overweight and Obesity. Sótt 29. október 2007 af <http://www.cdc.gov/nccdphp/dnpa/obesity/>

Globefish (2007). Further Evidence of the health value of fish. Sótt 29. október 2007 af <http://www.globefish.org/index.php?id=3521&easysiteid=1>

Laufey Steinrímsdóttir, Hólmfríður Þorgeirsdsóttir og Anna Sigríður Ölafsdóttir (2002). Hvað borða íslendingar, könnun á

Lýðheilsustöð (2007a). Sótt 25. október 2007 af http://www.lyðheilsustöð.is/media/manneldi/annad/Food_and_Nutrition_Policy_2007-2012,_skjalid.pdf

Lýðheilsustöð (2007b). Sótt 25. október 2007 af <http://lydheilsustodvefur.eplica.is/frettir/naering-og-holdafar/nr/2119>



Heimild: Lýðheilsustöð 2007b.

Hvort kjúklingurinn hefur sigrað ýsuna eins og Sigurður Hall matreiðslumeistari orðaði það í frétt Mbl. þann 22. ágúst síðastliðinn, eða skýndibitinn leyst fiskinn af hólmi er umdeilanlegt. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd, sem rannsóknir síðustu ára vitna um, að fiskneysla hjá þeirri þjöld þar sem sjávarútvegurinn hefur leikið stórt hlutverk í samfélaginu er ekki nægjanlega mikil og alls kostar óásættanleg. Hluti skýringar á hratt minnkandi neyslu fisks okkar Íslendinga frá 1990 gæti legið í þeirri staðreynd að menn eru síður tilbúnir að borga fyrir það í dag sem fram að þessu hefur fengist fyrir lítið fé eða jafnvel ókeypis. Einnig var lengi vel lítið um vörubróun í greininni og því drógst hún aftur úr t.d kjúklinga- og svínakjötframleidendum í beim efnum.

Í þeirri miklu heilsufarsþytingu sem átt hefur sér stað undanfarna áratugi hefur margt breyst til batnaðar hérlandis. Aukning hefur orðið á ávaxta og grænmetisneyslu, og vitundarvakning hefur átt sér stað fyrir mismunandi fitum og ólíkum gæðum hennar sem hefur leitt til þess að hörð fita hefur farið minnkandi í fæði íslendinga. Mitt í allri þessari heilsubytingu hefur þó töluvert vantað uppá að fiskur hafi hlutið þann sess sem honum ber. Því er brýn þörf á að hugarfarsbreyting verði meðal almennings um þessi efni og kalla ég eftir henni hér og nú.

Verkefnið vann Þórunn Guðlaugsdóttir
Umsjónarmaður Jón Ingi Benediktsson forstöðumaður RHA
Rannsóknar- og bróuparmiðstöð Háskólags á Akureyri

- Allt úr stáli -

Tökum að okkur
alla stálsmíði og viðgerðir



Frostagötu 3 b, 603 Akureyri. Sími 461 2911. utas@nett.is

Kortið er kreditkort fyrir ungt folk sem færir því spennandi afslætti og tilboð.

650 kr.
í SAMBÍÓIN Akureyri

Frítt í sund
Sundlaug Hrafnagilsskóla
Sundlaugin á Pelamörk

Kynntu þér Kortið í næsta útibúi Kaupþings eða á www.kortid.is

KORTIÐ **KAUPPING**
Hugsum lengra

Árið 2112

Pabbí sjáðu þetta skip, er það nýtt?
Nei sonur sálli, það var byggt af Seiglu árið 2010.
En pabbí, hefur það aldrei verið notoð?
Já alveg síðan þá, enda byggt tím eru fíaplasti.

SEIGLA EHF

www.seigla.is

Þetta er ekki okkar draumsýn, þetta er framtíðin

Seigla ehf • Skipasýn ehf • Infuse ehf • Naustmarine ehf • Slipparinn Akureyri ehf

Hjaltavargötu 22 • 600 Akureyri • Ísland • Sími: +354 531 2809 • Fax: +354 531 2810 • E-mail: seigla@seigla.is


Rvedja

BRIM
SEAFOOD

Frumkvæði VSV

í rannsóknum og markaðssetningu á humri

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum (VSV) var fyrst sjávarútvegsfyrirtækja til að bjóða íslenskum neytendum humar í sérpakkningum og mismunandi verðflokkum eftir stærð og últiti vörunnar. Humarinn frá VSV kom á markað í sérmerktum öskjum seint á árinu 2006. Varan gerði sig strax vel á markaði og örugglega má þakka VSV að humar var viðar á hátíðarborðum um jól og áramót í fyrra og oftar á grillum landsmanna síðastliðið sumar en ella hefði orðið. Salan hefur raunar farið fram úr björtustu vonum og neytendur kunna greinilega vel að meta að geta nú gengið að því vísu að fá þá vöru sem þeir borga fyrir. Þannig er fyrsta flokks humar að sjálfsögðu dýrastur en humar með lítilsháttar útlitsgalla eða brotna skel er seldur á lægra verði. Neytendur fá svo í kaupbæti uppskriftir að gjarnlegum humarréttum frá Ólafi Hauki Magnússyni, meistararakokki á Skólabrú, prentaðar á öskjurnar.



Sindri Viðarsson, þróunar- og rannsóknastjóri Vinnslustöðvarinnar.
Ljósmynd: Sigurgeir Jónsson.



Heather Philp.

Þriggja ára rannsóknarverkefni

Vinnslustöðin er líka í hlutverki frumkvöðulsins hvað varðar rannsóknir á atferli, veiðum og vinnslu humars. Markmiðið er að auka arðsemi í greininni með því að varpa vísindalegu ljósi á búsvæði humars og hegðun hans en jafnframt að rannsaka allt vinnuferlið við veiðar og vinnslu. VSV á um 18% aflaheimilda í humri á Íslandsmiðum og sýnir í verki ábyrgð og virðingu gagnvart nýtingarréttinum og sjálfrí auðlindinni.

Humarrannsóknirnar eru samvinnuverkefni VSV og Háskóla Íslands í umsjón Guðrúnar Marteinsdóttur, prófessors í fiskifræði. ASV rannsóknasjóðurinn styrkir verkefnið og að því koma líka fræðasetrið í Eijum, Hafrannsóknastofnunin og Rutgers University í New Jersey í Bandaríkjunum. Skoskur líffræðingur, Heather Philp var ráðin til starfa við verkefnið og hún nýttir það til doktorsprófs í fiskifræði. Auglýst var eftir umsækjendum hérlandis og erlendis og alls 34 umsóknir bárust en aðeins ein frá Íslendingi! Heather Philp hefur alla kosti að bera til að sinna verkefninu með sóma. Hún lauk MS prófi með ágætisárangri í háskóla í Aberdeen og hefur unnið í humri alla tíð í fyrirtæki foreldra sinna á eynni Isle of Sky. Þá hefur hún tekið þátt í vísindalegum rannsóknum á stofnstærð humars við Skotland.

„Humarrannsóknarverkefnið er til þriggja ára og komið vel af

stað," segir Sindri Viðarsson, þróunar- og rannsóknastjóri Vinnslustöðvarinnar.

þyraði á því að safna saman tiltækum upplýsingum úr ýmsum áttum. Hún hefur vinnuaðstöðu bæði í Reykjavík og hér í VSV og hefur meðal annars fylgst með humarvinnslunni hjá okkur. Þá fór hún í tvígang á sjó í sumar með Gæfunni VE ásamt Erlendi Bogasyni kafara á Akureyri. Hann notaði neðansjávartækni til að taka upp myndir á humarslöðinni og þannig fást vonandi svör við ýmsum áleitnum spurningum. Staðreyndin er nefnilega sú að allt að fjórðungur humaraflans skemmist við veiðarnar. Skel brotnar eða klóslitnar af. Það liggur í augum uppi að miklu varðar að komast að því hvað veldur og hvernig megi draga úr afföllunum til að auka afrakstur í greininni."

Þrír sjávarútvegsfræðingar frá HA í Vinnslustöðinni

Sindri Viðarsson er sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum á Akureyri, útskrifaður árið 2005. Tveir aðrir nemendur úr auðlindadeild HA starfa í Vinnslustöðinni: Sigurjón Gísli Jónsson framleiðslustjóri og Jóhann Rúnar Sigurðsson. Sá síðarnefndi tók meistarapróf í reikningshaldi og endurskoðun frá Háskólanum í Reykjavík að loknu náminu á Akureyri og starfar einkum að fjármálum VSV.



Sindri

segir að námið í auðlindadeild HA hafi verið finn undirbúningur fyrir starfið í VSV og bætir við: „Ég ólst upp í sjávarútveginum og þekkti atvinnugreinina vel áður en ég settist á skólabekk á Akureyri. Námið kemur að góðum notum, manni lærðist að bæta vinnulagið á allan hátt og setja ýmsa hluti í tilverunni í rétt samhengi!“

LJÓSMYNDASTOFA
PALE 40
Skipagata 8 | 600 Akureyri | S. 462 3464



Ari Jón Arason, B.Sc. liftæknir

Stofnfrumu-rannsóknir

Rannsóknir á stofnfrumum njóta síaukinna vinsælda í vísindaheimnum. Þar beinast spjótin meðal annars að því að geta notað frumurnar til lækninga á ýmsum illvígum sjúkdómum sem herja á mannkynið.

Stofnfrumur geta endurmyndað sjálfar sig og sérhæfst á sama tíma í aðrar frumutegundir. Fóurstofnfrumur búa einnig yfir þeim hæfileika að geta skipt sér endalaust, vegna virkni ensímsins telomerasa, en það lagar erfðaefnið sem annars styttilt við hverja frumuskiptingu. Skipta má stofnfrumum í two flokka; stofnfrumur úr fóursturvísum annars vegar og vefjasártækar stofnfrumur hins vegar. Það er óhjákvæmileg hliðarverkun glasafrögvana að umfram fóursturvísar falla til sem ekki eru notaðir í æxlunarlegum tilgangi og er þeim því hent eftir ákveðinn geymslutíma. Í flestum nágrannalöndum okkar eru þessir umfram fóursturvísar notaðir til rannsókna að gefnu upplýstu samþykki kynfrumugjafa, í stað þess að farga þeim. Fóursturvísar eru ræktaðir í 5-6 daga í ræktunarskáp og stofnfrumumassí einangraður úr þeim. Þessar frumur hafa þann eiginleika að geta sérhæfst í allar frumugerðir líkamans. Stofnfrumur úr fóursturvísum geta því gefið gífurlega verðmætar upplýsingar um þroskun og sérhæfingu vefja, svo ekki sé minnst á mögulega notkun til lækninga á sjúkdómum. Í dag bendir margt til að stofnfrumur geti nýst til að vinna á alvarlegum vefjarýrnunarsjúkdómum á borð við parkinson, sykursýki típu 1, hreyfitaugungahrörnun (MND), heila- og mænusigg (MS) og hjartasjúkdóma eins og hjartadrep. Einnig má nefna lækningar á ýmsum hvítblæðissjúkdómum, t.a.m. bráða-, og krónískt mergfrumuhvítblæði (AML og CML) og bráðaeitilfrumuhvítblæði (ALL).


Vefjasártækar stofnfrumur finnast í mörgum mismunandi vefjum einstaklinga. Sérstaklega eru þær áberandi í vefjum með hraða ummyndun, svo sem í blóði, húð og slímhúð. Þessar frumur eru ekki eins fjölhæfar og stofnfrumur úr fóursturvísum en geta engu að síður sérhæfst í a.m.k. þær frumugerðir sem fyrir eru í vefnum. Þær sjá því um endurnýjun vefja og viðgerðir á skemmdum vefjum. Ennfremur eru líkur á að mörg krabbamein séu sprottin upp af stofnfrumum í vefjum. Krabbamein myndast við uppsöfnun á stökkbreytingum í frumum og þær frumur, sem yfir langan tíma endurmynda sig í vef eru því mjög líklegar til að safna stökkbreytingum sem leiða til krabbameinsmyndunar.

Einræktun kemur upp í huga margra þegar rætt er um stofnfrumur. Talað er um tvær gerðir einræktunar; einræktun í æxlunarlegum tilgangi og einræktum í læknisfræðilegum tilgangi. Einræktun í æxl-

unarfræðilegum tilgangi felst í því að annað eintak af einstaklingi er búið til, sem inniheldur nákvæmlega sama erfðaefni, í raun sami einstaklingur. Kjarna úr frjóvgaðri eggfrumu er skipt út fyrir kjarna úr þeiri lífveru sem á að einrækta og fóursturvisi komið fyrir í legi, þar sem einstaklingur myndast. Dæmi um þetta er kindin Dollý og hundurinn Snoopy. Þessar tilraunir hafa valdið miklu siðfræðilegum deilum og er því einræktun manna bönnuð. Einræktun í læknisfræðilegum tilgangi byggir á kjarnaflutningi úr frumu sjúklings í frjóvgað egg sem er ræktað í 4-5 daga og frumumassí einangraður áður en einstaklingur myndast. Þannig fást frumur með sams konar genamengi og sjúklingurinn, og með þeim er hægt að búa til vef til ígræðslu án þess að höfnun eigi sér stað. Höfnun á utanaðkomandi vef er mikil vandamál í lækningum og má þar nefna höfnun við mergskipti í hvítblæðissjúklingum.

Nýlegar rannsóknir sýna að vísindamönnum hefur tekist að mynda frumur með svipaða hæfileika og fóurstostofnfrumur úr húðfrumum manna og músa. Ef fer fram sem horfir gætu niðurstöður frekari rannsókna á því sviði orðið til þess að friða ákveðna trúarfstækishópa sem hafa mislíkað rannsóknir á stofnfrumum fóursturvisa. Þó er enn langt í land hvað þessar rannsóknir varðar.

Á Íslandi fara fram mikilvægar rannsóknir á stofnfrumum, bæði úr fóursturvísum og vefjasártækum. Blóðbankinn hefur stundað miklar rannsóknir á blóðmyndandi stofnfrumum með góðum árangri og á Blóðmeinafræðideild Landspítala hafa farið fram tilraunir með hvítblæðissjúkdóma. Rannsóknir þessara stofnana hafa m.a. gert ákveðnum sjúklingum kleift að gangast undir stofnfrumumeðferð hérlendis sem áður þurfti að sækja erlendis. Á Lifefna-, meinefna- og erfðalæknisfræðideild Læknadeilda HÍ hefur Dr. Guðrún Valdimarsdóttir stundað rannsóknir á sérhæfingu stofnfruma úr fóursturvísum og hefur henni tekist að mynda sláandi hjartavef í rækt. Undir sömu stofnun starfar Dr. Eiríkur Steingrímsson sem starfrækir rannsóknahóp með áherslu á rannsóknir á þroskun og sérhæfingu forverafruma litfruma. Öflugur rannsóknarhópur undir stjórn Dr. Þórarins Guðjónssonar og Dr. Magnúsar Karls Magnússonar er starfræktur undir Líffærafræðideild Læknadeilda HÍ og Blóðmeinafræðideilda Landspítala og kallast Rannsóknarhópur í Stofnfrumufræðum (Stem Cell Research Unit, SCRU). Þar fara fram rannsóknir á greinóttri formgerð brjósta og lungna með áherslu á hlut stofnfruma í því flókna ferli. Ennfremur er spennandi verkefni í gangi í sambandi við krabbameinsstofnfrumur



Gerðu klárt fyrir
Wii leikjatölvuna
... það er allt
að verða vitlaust!



Nintendo

Wii er nýjasta snilliðin
frá Nintendo og
markar þáttaskili í
leikjatölvum.
Kynnti þér nánar
hvāð er á seyði.
Komdu í heiminsökun
og prufukeyrðu
gríplinn.

Síð nánar á:
www.Wii.is



Mikið úrval af skóm á töff skólakrakka á öllum aldri!



10% afsláttur fyrir nemendur HA
gegn framvísun skólaskírteinis

MÖSSUBÚÐ
-skór í massavís
Glerártorgi - sími 461 3322

Rannsóknarnámssjóður

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að
styrkja rannsóknatengt framhaldsnám
að loknu grunnnámi við háskóla.

Nánari upplýsingar um Rannsóknar-
námssjóð og FS-styrki sem sjóðurinn
veitir í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir
má finna á heimasíðu Rannís
(www.rannis.is) eða á skrifstofu Rannís,
Laugavegi 13, 101 Reykjavík.
Sími 515 5800.



Rannís
Rannsóknamiðstöð Íslands
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
www.rannis.is



brjósta. Hópurinn notast m.a. við einstakar stofnfrumulínur úr brjóstum og lungum til að rannsaka myndun vefjanna og tilurð og framþróun sjúkdóma í þeim.

Áhugasönum er bent á lokaritgerð Rósu Lárusdóttur af líftækni-braut Viðskipta- og raunvísindadeildar Háskólags á Akureyri frá því í vor, undir leiðsögn Dr. Þórarins Guðjónssonar; Stofnfrumur og einræktun: frá læknisfræðilegu sjónarhorni til pólítískrar umræðu og siðfræðilegra álitamála.

Höfundur er útskrifaður með B.Sc. gráðu í líftækni frá Háskólanum á Akureyri og er að vinna að meistaraverkefni sínu, Hlutverk týrósín

kínsa viðtaka og sprouty próteina í sérhæfingu lungnaþekjufruma, við SCRU.

Valgarður Sigurðsson doktorsnemi við SCRU fær þakkir fyrir yfirlestur.

Greinar:

In vitro reprogramming of fibroblasts into a pluripotent ES-cell like state.

Induction of Pluripotent Stem Cells from Adult Human Fibroblasts by Defined Factors.

Stem cell biology and the cellular pathways of carcinogenesis.

| Halldór Gunnar Ólafsson

BioPol ehf.

sjávarliftæknisetur á Skagaströnd

Stofnað hefur verið sjávarliftæknisetur á Skagaströnd undir nafninu BioPol ehf.

Undirbúningsvinna hófst í apríl 2007 og í framhaldi af henni stofnaði sveitarfélagið sjávarliftæknisetrið BioPol ehf. sem hefur það verkefni að koma á fót rannsóknarsetri í samstarfi við Háskólanum á Akureyri. Sveitarfélagið Skagaströnd er nú eigandi setursins en ætlunin er að fjölga hluthöfum á næstu misserum. Þá er einnig stefnt að samstarfi og tengslum við hliðstæðar rannsóknarstofur við Atlantshaf, sérstaklega í Noregi og Bretlandi.

BioPol ehf.

BioPol ehf er ætlað að skoða lífríki Húnaflóa, standa að rannsónum á vettvangi líftækni og nýsköpunar á vettvangi sjávarliftæknii. Enn fremur mun fyrirtækið standa að markaðssetningu og sölu á afurðum úr sjávarlífverum.

Stefnumið BioPol munu byggja á þremur meginstoðum:

- Rannsóknir á lífríki Húnaflóa með það að leiðarlíjosi að auka þekkingu á vistkerfi hans og landgrunnsins við Ísland. Á þessum rannsónum verður byggð markviss leit að auknum nýtingarmöguleikum auðlinda sjávar.
- Rannsóknir á vettvangi líftækni, nýsköpun og markaðssetning á afurðum líftækni úr sjávarlífverum.
- Fræðsla, á háskólastigi, í tengslum við fyrrgreindar rannsóknir.

Kjarnastarfsemi setursins verður byggð á rannsónum á lífríki Húnaflóa. Markmið þeirra rannsókna geta m.a. beinst að möguleikum

á nýtingu sjávarfangs sem áður hefur ekki haft skilgreind not eða þekkta eiginleika. Einnig gæti rannsóknarstarfið beinst að umhverfisvöktun með sérstakri áherslu á að fylgjast með breytingum á lífríkinu, áhrifavöldum og afleiðingum.

Á vettvangi lífríkisrannsókna verður byggt upp samstarf við samþærilegar rannsóknarstofur bæði innanlands sem utan. Horft verður til þess að innlendar rannsóknarstofur á þessu sviði myndi þekkingarklasa auk þess að ræktað verði gott samstarf við erlendar rannsóknarstofur á borð við Scottish Association for Marine Science. Sérstök áhersla verður á að mynda samstarf milli rannsóknarstofa á sviði sjávarliftfræði og líftækni í Bretlandi og Noregi. Við rannsóknir á vettvangi sjávarliftæknii verður lögð áhersla á að kortleggja þau verðmæti sem pekkt eru ásamt því að leita nýrra leiða til verðmætasköpunar úr sjávarfangi. Þarna er sérstaklega verið að horfa til fæðubótaefna, snyrtivara sem og íblöndunarvara fyrir matvæla- og fóðuríðnað.

Mikilvægur samningur undirritaður við Háskóllann á Akureyri

Í byrjun september undirritaðu BioPol ehf og Háskólinn á Akureyri samstarfssamning. Meginmarkmið samningsins við Háskóllann á Akureyri er að efla samstarf varðandi rannsóknir og tæknibróun á sviði sjávarliftæknii, matvælafræði og tengdra sviða. Í því felst m.a. að skilgreina ný rannsóknarverkefni og liggur helsti styrkleiki samstarfsins í samlegð ólíkrar sérfræðiþekkingar sem eykur líkur á árangri stærri rannsókna- og þróunarverkefna.


— Pökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning —



CENTRO



impra nýsköpunarmiðstöð
lónftæknistofnun



Halldór Ólafsson
ÚR OG SKARTGRIPIR
GLERÁRTORGI - SÍMI 462 2509



MATUR ÚR HÉRAÐI



ORKUSTOFNUN
HAMPIÐJAN



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið



ÍSLANDSKA FLUG ÞJÓR 2009-2010

Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara.
Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem
þú finnur ódýrustu fargjöldin og að
auki frábær tilboð.

**Njóttu dagins, taktu flugið
og smelltu þér á flugfelag.is**



STAFNBÚI 2008

— Pökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning —



RANNSÓKNASTOFNUN
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



DÍLL BÓKHALDSPJÓNUSTA



PRICEWATERHOUSECOOPERS 
pwcglobal.com/is



PORMÓÐUR RAMMI – SÆBERG HF
580 Siglufjörður - Ísland



Fiskifélag Íslands




Vinnslustöðin
Vestmannaeyjum



VÖRUBÆR
HÚSGAGNAVERSULN

H HVAMMUR
FASTEIGNASALA
Fasteignasalan Hvammur ehf
Amarohúsínu, Hafnarstræti 99-101 · 600 Akureyri
Sími: 466 1600 · Fax: 466 1655 · www.kaupa.is





Útskriftarnemar

Auðlindasviðs 2008 (staðarnemar) og lokaverkefni þeirra



Arnór Bliki Hallmundsson
Orku- & umhverfisfræði
–Áhrif sorphaugunar á Glerárdal
á Glerá og grunnvatn á svæðinu.



Eydís Elva Þórarinsdóttir
Líftækni
–Samsetning bakteriuflóru á fyrstu
stigum í þorskeldi, PCR-DGGE aðferð.



Haraldur Bergvinsson
Sjávarútvegsfræði
–Humarveiðar, vinnsla og markaðir.



Kolbeinn Aðalsteinsson
Líftækni
–Tegundagreining baktería úr fléttum.



Kristjana Hákonardóttir
Líftækni
–Áhrif meðhöndlunar með lífvirku
efni á örven ósérhæfðrar
ónæmíssvörunar í þorsklírfum.



Laufey Hrólfsdóttir
Líftækni
–Áhrif meðhöndlunar með lífvirku
efni á örven ósérhæfðrar
ónæmíssvörunar í þorsklírfum.




Máney Sveinsdóttir
Líftækni
–Framleiðsla á etanolí úr pappír
með hitakærum bakteríum.



Svala Hilmarsdóttir Magnús
Líftækni
–Áhrif mismunandi vaxtabjáttu á
sérhæfingu stofnfruma.



Vordís Baldursdóttir
Líftækni
–PCB-efni í þorski, veiddum á
Íslandsmiðum.



Lítill heimur ...

Heimurinn er lítill þegar hugsað er stórt. Það gerum við!

Eimskip er með um 300 starfsstöðvar í yfir 30 löndum, rekur 50 skip, 25 flugvélar, 200 kæli- og frystigeymslur og 2.000 flutningabíla og tengivagna. Hjá félaginu starfa um 15.000 manns. Starfsemi okkar snertir því, beint eða óbeint, daglegt líf fólkis í öllum heimshlutum.

... hugsum stórt



EIMSKIP



SUMIR ERU TRYGGÐIR, ÁN ÞESS AÐ VITA
NÁKVÆMLEGA FYRIR HVERJU

VERTU VISS

SJÓVÁ

**Búðu til eilífðarvél
með Glitnispunktum**

Þegar þú kaupir hamborgara með Glitniskorti færðu punkta sem þú getur breytt í peninga til að kaupa annan hamborgara sem þú síðan breytir í peninga til að kaupa annan hamborgara o.s.frv. o.s.frv. Þú þarf bara fyrst að skrá þig í Vildarklúbb Glitnis. Þetta og fleiri snjallræði á:

www.verturikuralltaf.is

GLITNIR